ætluðu þau um Kjós yfir í Hvalfjörð. Þau höfðu meðferðis vegakort sem þeim hafði áskotmást á bensinstöð Oliufélagsins. Á kortinu mátti sjá merktan vegaslöða, sem lá aðra leið en venjan var að fara, og vaknaði áhugi þeirra á því að reyna þessa nýju leið. Fyrr en varði var slóðinn orðinn illur yfirferðar og endaði á hengiflugi utan í Móskaðshnjúkum, þar sem þau lentu í sjálfheldu, komu Land Rovernum hvorki aftur á bak né áfram. Magnús var nú orðinn allskelkaður, þar sem ungbörn voru með í ferð, og hugðist ganga til byggða og leita eftir aðstöð. Hann kemur þá niður á bæ sem reynist vera Írafell. Þaðan var hægt að fá bíl úr bænum til að koma fólkinu heim og allt endaði vel. Magnús kynntist bóndanum á bænum, sem fór að segja honum frá Móra, enda væri það alveg eftir Móra að hafa afvegaleitt þau og komið þeim í klandur.

En ekki var viðskiptum Magnúsar við Móra lokið. Í minningu Írafellsmóra var sýnd á afmælisýningu Nýlistasafnsins í Listasafni Íslands. Í tilefni af sýningunni var Magnús fenginn til að halda fyrirlestur. Allt gekk á afturfótunum við undirbúning og framkvæmd fyrirlestursins. Fyrst eyðilagðist myndband sem Magnús ætlaði að sýna við fyrirlesturinn og síðan, þegar til átti að taka og áheyrendur voru mættir á staðinn, þá fór rafmagnið af húsinu og reyndar öllu landinu. Það var þá ekki um annað að ræða en að fresta fyrirlesturinum um nokkra daga og gekk allt að öskum í það skipti. Um þetta leyti gisti Magnús hjá konu, Guðrímu Pétursdóttur, sem er af þeirri ætt sem Írafellsmóri fylgir. Hún mun þá hafa sagt að Móri hefði að öllum líkindum komið þarna við sögu og hefði verið að minna á sig. En Móri hefur ekki gert vart við sig í listaverkum Magnúsar síðan.



„Jørgen múrari“ / “Jørgen, the mason”, 1985



„Í minningu Írafellsmóra“ / “In memory of the ghost Írafellsmóri”, 1977

### *In memory of the ghost Írafellsmóri:*

Pálsson made this work in memory of Írafellsmóri, a famous ghost. The work is composed of three vertical sticks that support keyholes. The sticks are placed in a straight row, so that one can look through the keyholes in a straight line, with one of the sticks being on the other side of a wall. The keyholes represent the ghost's ability to see through walls and even pass through them. The sticks are fastened on a pedestal and on it is written the name of the ghost, but stutteringly, because ghosts can only say their own name with difficulty.

There is a story behind this work. Pálsson first became interested in the ghost when he went on a trip with his family in their Land Rover jeep from Mosfellsveit to Hvalfjörður. They had a road map with them that showed a trail they had never tried. Before they knew it, they had reached an impose high up in the mountains and couldn't turn around. Pálsson was quite concerned because he had brought his young children along, so he decided to walk to the nearest farm and ask for assistance. He reached the farm of Írafell, where he was able to phone to town and ask for a car, so that everything ended well. He struck up an acquaintance with the farmer at Írafell who began to tell him about the ghost, which had followed the same family for generations – it would not have been unlike the ghost to have led Magnús and his family into trouble.

The ghost would visit Magnús again on a later occasion. *In memory of the ghost Írafellsmóri* was shown at an anniversary exhibition of the Living Arts Museum, at the National Gallery of Iceland, and Magnús was invited to deliver a talk. A row of inexplicable mishaps were to prevent the talk from taking place as scheduled. During preparation a video Magnús made was ruined, and when people had already arrived for the talk itself the electricity was cut off, not only from the house, but the whole country. So the talk was cancelled, but successfully completed a few days later. At the time Magnús was staying as a guest at the home of Guðrún Pétursdóttir, who is a member of the family that the Írafell ghost haunts. According to her the ghost was making his presence felt. But since then the ghost has left Magnús Pálsson alone.

Um og eftir 1980 verða smám saman breytingar á list Magnúsar í ött frá gífs og konseptverkum til hljóðverka, textatílaunum þeim tengdum, performönsum, innsetningum („rjóðrum“) og leikverkum. Það verða þó engar grundvallarbreytingar á þeim viðfangsefnum sem Magnús er að fast við, enda er það ekki aðalatriði í hvaða efni eða innan hvaða listgreinar verkið er unnið, heldur hver hugsunin (og tilfinningin) á bak við er. Magnús heldur áfram að vinna frekar úr hugmyndinni um steypt hljóð og pös/neg rými í viðameiri verkum, *Barcarolle í fis dúr* og *Pönk-konsert*. Upp úr því fer hann að lita á hljóðið sem rýmisfyrirbæri, sem býr yfir sérstökum rýmiseiginleikum, sem hann vinnur með í hljóðverkum, sem hann kallar raddskúlpúra (*Freyskatla, Draumar annarra*). Það verða síðan sérstaklega eiginleikar tungumálsins, eins og það birtist í munnlegri framsögn, sem verða fyrirferðamiklir í nýrri verkum, performönsum eins og *Þrætubálki*, og „rjóðrunum“ *Herra Túrpur Jónsson og Varla...* Hér sameinast síðan fyrri áhugi Magnúsar á textaefni úr ýmsum áttum, við tílraunir hans með raddskúlpúr. 1980 opnaði hópur Akureyringa sýningarsal í húsi á Akureyri, sem gekk undir nafninu Rauða húsið. Fyrsta sýning í húsinu var innsetning eftir Magnús, *Barcarolle í fis dúr*. Nokkrum dögum fyrir opnun kom hópur fólks saman í kjallara eins aðstandenda Rauða hússins. Fólkið sat í makindum á gólfinu, rabbaði saman og dreypti á veitingum. Litill grammófonn var á gólfinu og spilaði tónlist. Þar kom að því að spilað var tónverk eftir Chopin, *Barcarolle í fis dúr*. Í miðju lagi tók Magnús nálina af plötunni og bað viðstadda um að hreyfa sig hvergi. Fólkið sat því sem fastast á gólfinu á meðan Magnús teiknaði það inn, síðan fékk hann einn og einn til að koma og tók hann gífsafsteypu af stöðu og stellingu allra viðstaddra að hluta til. Meiningin var að taka afsteypu af öllu



„Barcarolle í Fis-dúr“ / „Barcarolle in F sharp major“, 1980



„The Anti-Society League Concert“, 1982



„Barcarolle i Fis-dúr“ / *“Barcarolle in F sharp major”*, 1980



*“The Anti-Society League Concert”*, 1982

tömu rými, hinu negativa rými, i herberginu, sem væri því nokkurs konar afsteypa af tónlistinni, sem barst um loftið, og andrúmsloftinu á því augnabliki þegar tónlistin var rofin. Verkið var síðan flutt yfir í Rauða húsið og sýnt ásamt ljósmyndum af samkomunni.

Sama var upp á teningnum í verki sem var framkvæmt á sýningu í Norrköbing í Svíþjóð sumarið 1982, *Anti-Society League konsert*. Þar fékk Magnús pönkgrúppu á staðnum, Anti-Society League, til að halda litinn konsert í öldhúsi í kjallara hússins þar sem sýnt var. Hjónsveitarmeðlimir stilltu sér upp á meðan Magnús tók gífsafsteypu af negatífu rými umhverfis þá. Brotin voru síðan flutt út undir bert loft, þ.a. að segja má að rýmið hafi verið flutt úr stað í heilu lagi, sem klumpur.

+

After 1980 changes started to appear in Pálsson's art, away from plaster and conceptual works to sound works, and in relation to them experiments with texts, performances, installations, videos and even stage productions. But there are no fundamental changes in the kind of themes he is preoccupied with. For Pálsson the medium in which the work is made is not as important as the thought and emotion behind it. He continues to develop the idea of materialized sound and positive negative space in larger works, such as *Barcarolle in F-sharp major* and *Punk concert*. This leads him to deal with sound as a spatial phenomenon in itself, possessing particular spatial properties, which he exploits in sound works, which he calls vocal sculpture, such as *Freysskatla* and *Other people's dreams*. This leads further to explorations of the sound of language and the resonance of speech, which becomes the main aspect of recent work, such as *Prættubálki*, *No one swallows the sun*, and *Almost never...* - These illustrate how Pálsson's various preoccupations with literary material, from various sources, combine with his experiments with vocal sculpture.

In 1980 a group of people in Akureyri established an exhibition space in a small house in that town called the Red House. The first show was an installation by Magnús Pálsson, *Barcarolle in F-sharp major*. A few days before the opening a group of people were invited to the cellar of one of the organizers. They sat on the floor sipping wine and listening to music from a small gramophone. When a piece by Chopin was played, a Barcarolle in F-sharp major, Pálsson stopped the music and asked every one to sit still. So people sat on the floor while he proceeded to draw the outlines of each person. Later they returned one at a time and Magnús took a partial cast of the posture of each person. The casts were intended to represent the total negative space of the room, which would be a cast of the music that filled the air and the atmosphere at the moment the music was interrupted. The whole work was then moved to the Red House and shown along with photographic documentation of the event.

The same idea was repeated in a work that was executed at an exhibition in Norrköping in Sweden in the summer of 1982, *Anti-Society League Concert*. Pálsson got a local punk band to perform in a small kitchen in the basement of the exhibition hall. The members of the band positioned themselves while Magnús proceeded to take casts of each of them and the surrounding walls and cupboards. The fragments were then moved out into the open so that the negative space was moved in its entirety as a clump.

Arnar Jónsson, Kristbjörg Kjeld og Edda Arnliótsdóttir



„Sprengd hjóðhimna, vinstra megin“, 1991. Leikuppfærsla Alþjóðleikhússins og Þjóðleikhússins / Stage production by the People's Theatre and the National Theatre, Reykjavík

Kristbjörg Kjeld



Í febrúar 1993 hélt Magnús sýningu á tveimur rjóðrum í Galleri einn einn á Skólavörðustíg, en rjóðrin hétu *Enginn gleypir sólina* og *Herra Túrpur Jónsson*. Þegar gengið var inn í sýningarsalinn tók á móti manni sérkennilegur en kunnuglegur ilmur, sem átti sér upptök í hornunum, þar sem lágu dävænar hrúgur af neftóbaki. Umhverfis voru klasar af trúðslegum nefjum sem hrjúfrudu sig upp að tóbakshraukunum. Rétt þar fyrir ofan voru staðsettir hátalarar, þaðan sem ýmis búkhljóð, andvörp og ánægjustunur, bárust mönnum til eyrna. Magnús hafði safnað ýmiss konar kimni, sem er að falla í gleymsku, bæði í bundnu og óbundnu máli, sem rann upp úr mönnum hér áður fyrr, kannski meðan þeir voru að fá sér í nefið, og útsetti fyrir nokkrar raddir. Við gerð hljóðverksins, sem flutt var í gegnum hátalarana, naut Magnús aðstoðar einvala liðs: Baldvins Halldórssonar, Eyvindar Erlendssonar, Guðbjargar Thoroddsen, Guðrúnar Ásmundsóttur, Karls Guðmundssonar og Tuma Magnússonar. Þau fluttu textann og framleiddu alls kyns hljóð af mikilli innlifun, m.a. var sögið af sannfæringu upp í nefið og dæst með tilþrifum. Magnús valdi ekki textana eftir bókmenntalegu gildi þeirra. Allt saman er þetta sakleysislegt bull; of barnalega fátánlegt til að vera fyndið, eða fyndið vegna þess að það er svo mikið bull, og of ómerkilegt til að vekja athygli verndara bókmenntaarfsins:

Áé segja þér nokkuð  
pabbi þinn er kokkur  
mamma þin er rokkur  
og sjálfur ertu drullusokkur.

In February of 1993 Magnús exhibited two installations, or „clearings“, in Gallery 11 in Reykjavik, called *No one swallows the sun* and *Mister Týrpur Jónsson*. Visitors entering the gallery were met with a distinct and familiar fragrance, which originated in the corners of the space, where sizeable piles of snuff were lying. Around the snuff there were clusters of clownish paper-mâché noses, which hugged the piles. Just above in the corners were loudspeakers, from which various bodily sounds, sighs and grunts could be heard. Magnús had collected all sorts of trivial humour and buffoonery in rhyme and jingles, which are all but forgotten but have passed on through oral tradition in the past, maybe while people were exchanging snuff. The texts were arranged for a few voices and Magnús was assisted by the actors Baldvin Halldórsson, Eyvindur Erlendsson, Guðbjörg Thoróðsen, Guðrún Ásmundsdóttir, Karl Guðmundsson and his son Tumi Magnússon. Magnús Pálsson did not choose the texts because of literary merit, most of them are innocent nonsense, almost too childishly ridiculous to be funny, or are funny precisely for that reason, and too insignificant to attract the attention of the guardians of the literary heritage.



„Enginn gleypir sólina“, 1993, rjódur / *“No one swallows the sun”, installation with voices*



„Etán Langbók og Atlantis“, 1994, 2 rjóður / 2 installations with voices





Stjani meik í listasafni sínu / Stjani meik in his art museum, 1994

## Á MÖRKUM HINS SÝNILEGA: UM VIÐHORF MAGNÚSAR PÁLSSONAR TIL LISTIÐKUNAR.

„List er ekki bundin við það að einstaklingur sitji í horni sínu og máli málverk, skrifi ljóð, eða semji tónverk. Listin er líka að skapa vittumgripandi verk með þátttöku margra sem allir leggja fram sinn sköpunarkraft; risastórar lífssymfóniur, þar sem hinn svokallaði höfundur leggur aðeins til rammann að verkinu, sem síðan einstaklingar fylla út í, svo verkið verður kannski mjög frábrugðið því sem höfundurinn gat nokkurn tímann ímyndað sér.“ (Úr „Kennsla: geggjáðasta listgreinin“, hljóðsnælda 1984)

Listiðkun Magnúsar Pálssonar hefur verið hin fjölbreytilegasta að allri gerð; sviðsmyndir fyrir leikhús, skúlptúr, gjörningar, hljóðverk, leikverk, vídeóverk, bækur og bókverk, konkretljóðlist, umhverfisverk, raddskúlptúrar, hljóðsnældur og líklega sitthvað fleira sem ekki fellur undir neitt af framangreindu. Auk þess hefur hann fengist við kennslu, og litið á hana sem listgrein, og tekið virkan þátt í ýmsum félagsmálum myndlistarmanna. Það er einna líkast að hann hafi hoppað úr einu í annað og stoppað stutt í hverju skrefi. En þrátt fyrir allan margbreytileikann má greina sterkt munstur í allri óreiðunni og maður gerir sér grein fyrir að það er furðumikið samhengi, framvinda og staðfesta í viðfangsefnum og vinnubrögðum Magnúsar. Þegar listferill hans er skoðaður úr nokkurri fjarlægð og af yfirsýn þá sést vel að það hefur vissulega orðið töluverð þróun á þrjátíu árum, en ekki þær tilviljanakenndu stökkbreytingar sem búast mætti við.

Einn þráðurinn, sem má rekja, byrjar með fyrstu tilraunum hans með gifsíðu á miðjum sjöunda áratugnum þar sem Magnús fæst við það rými sem afmarkast af formi hluta, umfang hlutarins, og svo það rými sem er fyrir utan hlutinn, sem hluturinn formar og afmarkar líka; formið afmarkar bæði það rými sem tilheyrir hlut og það rými sem tilheyrir honum ekki og bæði tilheyra þau einu samfelldu rými. Þetta má fyrst sjá í einu af fyrstu bókverkunum eftir íslenskan listamann, **Pappírsást**, þar sem hver síða lagar sig að þrívíðu formi nærliggjandi síðu, og síðan í gifsverkunum þegar hann fer að fást við það sem hann kallar *pósítíft* og *negatíft* rými. Þær pælingar leiða hann út í að efnisgera óefniskennð fyrirbæri eins og tilfinningar og hljóð. Í framhaldi af því fer hann út í nota röddina sem miðil til að móta rýmið, nokkurs konar ósýnilega skúlptúra, sem hann kallar raddskúlptúra.

Annar þráð, sem má rekja, má kalla *yfirvegaða beitingu á hendingunni*. Magnús hefur iðulega innlimað í verk sín „stjórnlausu“ þætti, sem hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar, og leyft þessum þáttum að ráða nokkru um endanlega gerð þeirra. Í fataskúlptúrum leyfir hann gömlum fötum að ákvarða endanlega lögun gifshlutanna. Í textaverkinu **The Offs**, sem var hugsað sem handrit að hljóðverki, þá klippti hann saman textabrot sem hann hafði safnað úr prentuðu máli, en skuldbatt sjálfan sig til að nota orð og setningar sem voru prentuð öfugu megin á síðuna og innlimaði þau í textann á næstu síðu. Þannig kom hann sjálfur í veg fyrir að hann fengi öllu ráðið um framvindu textans.

Fleiri atriði mætti tina til sem hafa fylgt listsköpun Magnúsar og gefa henni ákveðið samhengi yfir tíma. Þessir þræðir hafa tvinnast saman og aðgreinst eftir því sem list hans tekur breytingum, en ef skyggst er dýpra þá má sjá að á bak við stendur ákveðinn hugsunarháttur, sem ekki er auðvelt að átta sig á í fljótu bragði, en kemur sífellt upp á yfirborðið í ólíkum búningi. Hér er annars vegar um að ræða afstöðu hans til og hugmyndir um hið listræna starf sem slíkt, og kemur einnig fram í hugmyndum hans um kennslu sem listgrein, en hins vegar er um að ræða filósófíu, sem svifur yfir vötnum, ef svo má að orði komast, og gerir vart við sig á hinn undarlegasta hátt.

2.

Afstaða Magnúsar til hins listræna starfs hefur ávallt verið laust við lotningu fyrir hugmyndinni um hinn einstaka og einangraða, skapandi listamann, stórbrotið andlegt líf hans og óviðjafnanlega hæfileika. Menning okkar gerir hlut listamannsins sem mestan, en Magnús hefur ekki séð ástæðu til að viðhalda þeirri dulúð sem hefur verið sveipað um listamanninn og óheft frelsi hans og óskorað vald yfir eigin verki. Í gegnum allan sinn feril hefur hann af fúsum og frjálsum vilja gengist undir vald tilviljunarinnar og duttlunga annarra.

Líklega er þörfin fyrir trú á ótakmarkað einstaklingsfrelsi listamannsins í lýðræðisþjóðfélagi sterkari eftir því sem það á minna við. Það sem við köllum frelsi í dag, í frjálslýndu lýðræðisþjóðfélagi, er ávallt takmarkað við þann ramma sem aðrir setja manni, aðeins innan þess ramma hefur einstaklingurinn val. Þetta er hvergi eins skýrt og í sambandi kennara og nemanda. En þar hefur Magnús frekar viljað hjálpa nemendum sínum við að skilgreina sinn eigin ramma til að vinna innan (enda í samræmi við gamalgróna, húmaníska hefð að líta svo á að enginn sé fyllilega frjáls fyrr en hann hefur lært að setja sjálfum sér takmörk). Auk þess hefur hann forðast að þröngva upp á nemendur sínu eigin gildismati og gera þá þannig ósjálfrátt háða sér.

Hugmyndin um hinn einangraða listamann felur í sér að öll listræn verðmæti eigi sér uppruna í einum punkti, innra hugskoti listamannsins, og geisli þaðan út í allar áttir. Listin, eins og við þekkjum hana, aðskilur fólk, hún aðskilur þá sem framleiða frá þeim sem njóta, þá sem eru listamenn frá þeim sem eru það ekki, meistara frá fúskurum, hún aðskilur listamenn hvern frá öðrum. Listgreinum eru vandlega haldið aðskildum og listamenn á hverju sviði verja sitt yfirráðasvæði fyrir óviðkomandi ágangi; mynd er vandlega aðgreind frá orði og hljóðan þess.

Magnús hefur dregið í efa nauðsyn þess að viðhalda strangri aðgreiningu og niðurstúkun, virða viðurkennd mörk. Hann hefur haldið á lofti þeirri hugmynd að uppsprettu listarinnar sé ekki síður að finna úti á meðal fólks, þar sem hugmyndir kvikna og eru bornar áfram af óskipulagðri en sjálfviljugri þátttöku karla og kvenna, þar sem litni er á listsköpun sem ferli, sem á sér ekkert skýrt upphaf eða afmörkun, þar sem margir geta komið við sögu og eru ýmist „framleiðendur“ eða „njótendur“. Magnús hefur í auknum mæli lagt áherslu á samstarf listamanna, þar sem fleiri koma við sögu í útfærslu og framkvæmd upphaflegrar hugmyndar, og þá gjarnan listamenn sem vinna innan ólíkra listgreina. Hugmyndin með Mob Shop var að fá fólk til að vinna saman að hlutum sem enginn einn bar ábyrgð á, þar sem enginn einn hugur væri að stjórna öðrum. Sviðsverkið „**Sprengd hljóðhimna, vinstra megin**“; var samstarfsverkefni Alþýðuleikhússins og Þjóðleikhússins, og í „**Freyskötlu**“, tóku Mótettukór Hallgrímskirkju og Ríkisútvarpið og tæknimenn þess sig saman. Magnús er því óragur við að beina listsköpun sinni inn á svið sem í hefðbundnum skilningi tilheyrir ekki myndlistariðkun, enda lítur hann svo á að ekkert sé því til fyrirstöðu að nota hljóð, raddir og hreyfing líkamans sem miðla fyrir myndsköpun.

3.

List er ekki sama og listgrein. Að búa til list er ekki endilega háð því að stunda listgrein. Með þessum tveimur staðhæfingum mætti draga saman í sem knöppustu formi þau grundvallarprinsíp sem Magnús fylgir í starfi sínu sem listamaður. En þetta eru undarlegar staðhæfingar og stangast á við hefðbundinn skilning, því við þekkjum og komumst í tæri við list í gegnum listaverk, og listaverk eru annað hvort málverk, skúlptúrar, ljóð, eða tónlist, sem sagt afurðir tiltekinnar listgreinar. Leiðin að listinni liggur í gegnum listgreinarnar, að vera listamaður er að hafa vald á tiltekinni listgrein. Afstöðu Magnúsar má túlka sem svo að listgreinarnar séu leiðir að sama, eða að minnsta kosti svipuðu markmiði. Listgreinarnar sem slíkar eru ekki list. Það geta þess vegna komið fram aðrir miðlar, aðrar leiðir, önnur tækni sem nýtist jafn vel. Eins og raunin hefur orðið með ljósmyndataeknina og nú síðast myndbandataeknina. Síðan getur það líka gerst að miðlar eða tæki hætta að vera áhrifarík leið að listrænum verðmætum. Á sautjándu og átjándu öld var litnið á garðyrkju og landslagsarkitektúr sem listgreinar á við aðrar, en þær

eru ekki eins hátt skrifaðar nú. Á vorum dögum hafa heyrst raddir þess efnis að olíumálverkið sé hætt að gegna jafn mikilvægu hlutverki innan myndlistar.

Þessi skýri greinarmunur, sem gerður er milli listgreinar og listar sem slíkrar, hefur ýmislegt í för með sér. Áherslan verður ekki lengur á handverksþáttinn, þekkingu listamannsins á miðlinum og þeim efnum sem hann vinnur með, sýnilega færni í beitingu tækninnar og aðdáun á þeim yfirborðseiginleikum sem efnið og miðillinn býr yfir. Þess í stað færast hún yfir á óápreifanlegri eiginleika verksins, þær hugsanir og tilfinningar sem verkið getur leitt af sér og sem tengjast ekki endilega ápreifanlegum efniseiginleikum og verkfærni. Leiðin opnast til ótakmarkaðra möguleika í vali á efnum og aðferðum. Hin mikla fyrirmynd aldarinnar í þessu sambandi er náttúrulega Marcel Duchamp, sem notaði bæði venjulega tilbúna hluti, framleidda af öðrum, sem uppistöðu í verk sín, eða aðferðir sem voru gersneyddar listrænni tilfinningu fyrir efni, einmitt í þeim tilgangi að beina athygli áhorfandans og áherslu verksins að hugmyndalegu inntaki þess. Þetta þýðir að áhorfandinn er settur í þá aðstöðu að túlka verkið, vinna úr því sem sett er fyrir hann og ljúka þar með hinu listræna ferli. Listamaðurinn er því ekki aðeins að fást við innri gerð verksins, hann er einnig að vinna með þá þætti sem eru ráðandi um viðbrögð og túlkun áhorfandans; þá fordóma og væntingar sem gera má ráð fyrir, það gildismat sem er almennt viðurkennt, þær mýtur sem ráða miklu um afstöðu þjóðfélagsins til listamanna og starfs þeirra. Þetta varðar ekki aðeins innihald verksins eða hugmynd, því þó stundum sé sagt að hugmyndin að baki verkinu skipti öllu máli en efni og útfærsla séu aukaatriði þá er það ekki alls kostar rétt. Allan efnivið verður eftir sem áður að nota af mikilli útsjónarsemi, því efnið sjálft býr yfir táknrænni aukamerkingu, sem getur skipt miklu máli fyrir túlkun verksins. Sama máli gegnir um handbragð listamannsins og þá tækni sem notuð er. Ekkert efni eða aðferð er algerlega hlutlaus og ósýnileg.

Varðandi val Magnúsar á gífsinu þá hefur hann sagt að kosturinn við gífsið sé hvað það er „dautt og látlaust“ og hafi hentað vel í þeim konseptúal verkum sem hann vann að á sjöunda og áttunda áratugnum. Og í viðtali í tímaritinu *Svart á hvítu* segir hann að hann „leggi ekkert upp úr formfræði hlutarins“, og að honum finnist „ekkert eitt form betra en annað form“. Í seinni verkum hefur hann snúið sér frá hinum efnislega hlut sem slíkum, með því að notast við hljóð og raddir sem efnivið í skúlptúra sína. Í verkinu „**Varla ...**“ eru orð skrifuð með því að raða saman afgangssápum; orð, sem eru huglægt fyrirbæri, eru skrifuð með sápushykkjum, sem eru gerð til að hverfa smám saman í höndunum á mönnum. Í sýningarskranni að Borealis 2 skrifar hann: „Kannski er mikilvægi hins sjónræna að minnka. [...] Það sem við sjáum ekki er meira spennandi en það sem við sjáum.“

Magnús gerir heldur ekki meira úr handverki og verkfærni en ástæða er til, þar sem líta megi svo á að færni sé hvort sem er afstæð gagnvart þeim árangri sem náist með verkinu. Ef það er gott þá er það vel gert, en hið gagnstæða á ekki endilega við, því þótt verk sé vel gert, þ.e. faglega og lipurlega unnið, þá er það engin trygging fyrir listrænum gæðum. Það er því óþarfi, og útilokað, að taka handverkið út sem sjálfstæðan þátt í listrænu starfi. Listamaðurinn notar þau meðöl sem hæfa hverju sinni, hver svo sem þau kunna að vera og þótt þau útheimti að leitað sé utanaðkomandi aðstoðar.

Magnús hefur ávallt komið sér hjá því að hegða sér eins og „sönnum“ listamanni saemir. Hann sér enga sérstaka dyggð í því að koma sér upp vinnustofu, sérhæfa sig í ákveðnum stíl, vera iðinn og vinna tólf tíma á dag að gífurlega krefjandi verkefnum, sem sagt sýna fagmennsku, vera „prófessjónal“, í samræmi við viðtekin norm. Hann hefur oft haldið þeirri skoðun sinni á lofti að teiknikunnátta, grunnþáttur í hefðbundinni menntun listamanna, sé ekki nauðsynleg í menntun og starfi; sérhæfing og tækni séu aðferðir, eða tæki, til að ná settu marki, en hafi ekkert gildi umfram það. En þetta eru líka viðhorf sem mættu mikilli andspyrnu hér á heima, ekki síst þegar Magnús tók að sér „Deild í mótun“ í Myndlista- og handiðaskóla Íslands árið 1975, og hefur alla tíð síðan verið ásteytingarsteinn á þeim vettvangi. Enda gengur hann beint gegn þeirri djúprættu trú að listamaður eigi ekki tilkall til þess að hljóta þá nafnbót nema hann sýni að hann sé þess verðugur með því að sanna með þrotlausu starfi, að hann ráði yfir

þekkingu á afmörkuðu sviði tiltekinnar listgreinar og geti sýnt færni í beitingu hennar.

Saga nútímamyndlistar einkennist af því að listamenn hafa verið að berjast gegn gamalgrónum takmörkunum og fyrir fullkomnu frelsi í skapandi starfi. Nú er svo komið að það virðast ekki vera nein takmörk fyrir því hvað listamenn geta gert, í prinsípinu að minnsta kosti, þó aðstæður hverju sinni setji þeim skorður. Þannig að sú barátta sem einkenndist af því að finna nýjar leiðir og yfirstíga „grensurnar“ á ekki við á sama hátt og á sjöunda áratugnum. Það breytir því ekki að slík viðhorf mæta enn töluverðri andstöðu meðal þeirra sem leggja mest upp úr þeim gildum sem tilheyra listgreinunum, svo sem verklágni og formfegurð. Hin eiginlega „framúr stefna“ í myndlist tilheyrir fortíðinni, en nú skiptast menn í tvö horn eftir því hvort þeir aðhyllast sérstöðu listgreinarinnar og þeirrar hefðar sem henni tilheyrir, eða listina óháða nokkrum miðli, sem varðar innihald frekar en form, merkingu frekar en skynáreiti. Magnús var einn af allra fyrstu íslensku listamönnum til að vera algjörlega skýr í afstöðu sinni með hinu síðarnefnda og hafði veigamikil áhrif á upprennandi listamenn á áttunda og níunda áratugnum. Hann gengur jafnvel svo langt að draga í efa sérstöðu myndlistar sem slíkar. Á einum stað hefur Magnús skrifað: „Smám saman tók hljóðið yfirhöndina í vitund minni og þar með í verkunum. Ég finn að okkar öld er tímabil hljóðsins. Ekki sjónarinnar. Hljóðið er mikilvægasta aflið.“ Það er einkennilegt að heyra slíka játningu frá myndlistarmanni. Samt lítur hann á sig sem myndlistarmann, jafnvel þegar hann vinnur eingöngu með mannsröddina. En þetta sýnir vel að hann er ekki aðeins ófús að viðurkenna markalínur milli myndlistargreina, heldur einnig milli myndlistar, tónlistar og bókmennta, og yfirleitt allra listgreina. Og ef út í það er farið, því skyldi hann viðurkenna markalínur milli listarinnar og lífsins, m. ö. o. milli listar og vinnu, milli listar og kennslu.

#### 4.

Þetta leiðir okkur inn á annan veigamikinn þátt í listhugsun Magnúsar. Afstaða hans til listaverksins og listsköpunar á sér rætur í heimspekilegum hugmyndum sem víða skína í gegn í verkum hans, kannski eina skýrast í gifs- og konseptúal verkunum. Hann er sífellt að stilla saman andhverfum, t.d. negatífu og pósitífu rými. En þetta á ekki aðeins við um rými og aðra formeiginleika verkanna; hinu skrýtna og fyndna er stillt upp gegn hinu leyndardómsfulla; leikaraskap gegn alvöru, kitschi (eða hugglundri, eins og það hefur verið kallað) gegn hálist, „drullu“ gegn sætleika; sjálfbirgingshætti listamannsins er svarað með sjálfsháði viðvaningsins. Magnús stenst ekki mátið að sýna fram á gildi andhverfunnar. Ef eitthvað er viðurkennt sem gott og gilt, þá skal andstæða þess vera jafngóð og eiga jafn mikinn rétt á sér. Enda hefur hann lýst þeirri skoðun sinni í viðtölum að ekkert geti verið til án andhverfu sinnar. Þetta fær víða myndræna „illústrasjón“, t.d. í verkinu **Flæðarmáli**, þar sem hið pósitífa rými eins hlutar er hið negatífa rými annars hlutar, og svo öfugt, en til samans mynda hlutarnir eina órofa heild, þar sem hið pósitífa og negatífa vega hvort annað upp.

Sú pólarisering sem skiptir mestu máli í þessu sambandi er náttúrlega milli listar og lífsins, leiks og alvöru, listsköpunar og brauðstritsins. Á sjöunda og áttunda áratugnum voru mikið á döfnni útópískar hugmyndir listamanna um leiðir til að brúa bilið milli listar og lífsins, a.m.k. að gera list að eðlilegri og ríkari þætti í daglegu lífi manna. En svo metnaðargjarnar hugmyndir vöktu ekki fyrir Magnúsi, hugmyndin er ekki að eyða þeim andhverfum sem fyrirfinnast, heldur að komast handan við staðlað og stírdnað gildismat sem menn treysta um of á og taka sem fyrirframgefnum, sjálfsögðum hlut, án nokkurra efasemda. Þetta má sjá í því hvernig hann notar og meðhöndlar, með jafnmiklum áhuga og umhyggju, sígilda texta eins og Íslendingasögurnar og svo affreyingarbókmenntir, eins og teiknimyndasögur og rómantískar sögur af síðum kvennatímarita. Með því býður hann byrginn þeirri aðgreiningu sem ríkir milli hálistar og láglistar, sem kemur í veg fyrir að við getum komið auga á fegurðina í því síðarnefnda.

Magnús bregður fyrir sig herkaensku sem á margt sammerkt með uppátækjum Fluxus listamanna sjöunda áratugarins, þar sem talað var í „paradoxum“, eða þversögnum, einhvers konar absúrdismi var í gangi og það var mikið um frekar þurran hómor og undarlega

uppfiningasemi. Mesta hól, sem hægt var að segja um nokkurt listaverk, var að það væri skrytið. Aðalatriðið er að vinna í réttum anda: ef maður er viss í sinni sök þá er eitthvað að — ef maður er ekki viss í sinni sök þá er um að gera að hafa ekki alltof miklar áhyggjur af því.

List Magnúsar er ekki list varanleikans, heldur er hún síkvik og verður sífellt að leita út fyrir eigin farveg. Það er ekkert til sem heitir sígild feður í fagurfræði Magnúsar, en hann missir samt aldrei sjónar á henni, vitleysan fer aldrei úr böndunum, eins og stundum gerist þegar Flúxarar taka flugið; hann leitar uppi feður sem er á sífelldri hreyfingu og sem aldrei er hægt að ganga að sem vísi. Ef þessi grein hefur gefið þá mynd af Magnúsi að hann sé alvörugefinn uppreisnarseggur, þá er það afar villandi, því list hans er aldrei þung, hún er full af húmor og góðum anda, og einlægri ósk um að ná sambandi við fólk.

Gunnar Árnason

## ON THE EDGE OF THE VISIBLE: MAGNÚS PÁLSSON'S ATTITUDE TO THE ARTISTIC PROFESSION.

**„Art isn't restricted to an individual sitting in his corner painting a picture, writing a poem or composing a piece of music. Art is also creating a broad work with the participation of many, who all contribute their creative energy; vast symphonies of life, where the so called author lays down the main lines, which others fill, so the work will probably be different from what the author could ever imagine.“** (From „Teaching: the Craziest Branch of Art“, 1984)

1.  
The diversity of Magnús Pálsson's artistic activities has no bounds; stage design for theatre, sculpture, performances, sound compositions, stage productions, video, book art, environmental art, voice sculptures, cassette tapes, and probably other things that don't belong to any of the above categories. In addition he has taught at art schools and regards art education as an artform, and he has been active in artists' politics. It is as if he has been jumping from one place to another without staying for long in each step. But despite all the disparity a strong pattern can be detected in all the chaos, and one realizes that there is considerable continuity and development in his themes and working methods. When his artistic career is viewed from a distance one can see that considerable change has taken place over thirty years, but not the haphazard transformations one might expect.

One of the threads that can be traced begins with his first experiments with plaster in the mid sixties, where Magnús is dealing with the space that is defined by the form of things, its volume, and the space outside the thing, which it also defines and shapes; the idea being that form both shapes the space, or volume, that belongs to the thing and the space that does not belong to it, and both these spaces are part of a single continuous space. One of the first examples of this theme can be seen in **Paperlove**, one of the first book-works by an Icelandic artist, where each sheet in the book adapts to the three dimensional form of adjacent sheets. Later also in the plaster works, he begins to work with what he calls *positive* and *negative* space. These works lead on to others where he tries to objectify immaterial properties like emotion and sound. As a result he starts using the voice as a medium for invisible sculptures to form space, in what he calls voice - sculptures.

Another thread that can be traced could be called the *premeditated handling of chance*. Magnús has frequently incorporated in his work „uncontrolled“ factors, which have unforeseen consequences, and let these factors determine, to a certain degree, the work's final outcome. In the cloth sculptures, for instance **Plaster children**, he lets old cloths determine the form of the plaster objects. In the text **The Offs**, which was intended as a manuscript to a sound-work, he made a collage of textual fragments he had collected from printed material, but committed himself to use words and sentences that happened to be on the reverse side of the page, and use them on the next page of his manuscript, thus preventing him from controlling in every detail the continuity of the text.

Other aspects of his work could be mentioned that give it a certain coherence over time. These threads

run parallel, but intertwine and separate during the course of his career. Delving deeper one can also detect a certain chain of thought that is not obvious at first but constantly surfaces in different guises. On the one hand we are talking about his attitude to and ideas about the artistic profession as such, which also appear in his ideas about art education (which Ingólfur Arnarsson discusses in his article), and on the other hand there is a certain philosophy that suffuses his work and manifests itself in strange ways.

## 2.

Magnús's attitude to the artistic profession has always been free of veneration for the idea of the unique and isolated, creative artist, his magnificent spiritual life and unparalleled talent. Western culture has inflated the role of the artist, but Magnús hasn't seen reason to adhere to the mystique that surrounds the artist, his unlimited freedom and unchallenged control over his own creations.

The need for a belief in the unlimited individual freedom of the artist within a democratic society is probably stronger the less it applies. What we call freedom today, in liberal democratic societies, is always limited to a frame that others impose, and within this frame the individual has choice. This is nowhere as obvious as with the relation between teacher and pupil. But even in that situation Magnús strives to help the pupils to define their own framework to work within (which is entirely in agreement with the humanistic tradition, that no one is free until he has learnt to impose limits on himself); and has avoided imposing his own standard of judgement by judging the students' work and thereby lead them on and make them dependent on him.

The notion of the isolated artist implies that all artistic value has its source in one point, the artist's inner mental sanctum, and radiates from there in all directions. Art as we know it separates people; it separates producers from consumers, artists from non-artists, masters from amateurs, it separates artists from each other. The arts are carefully segregated and artists in each field protect their domain from unwelcome intrusions. Picture is kept separate from word and sound. Magnús has doubted the necessity of preserving a rigid separation and categorization, and a respect for established borderlines. Instead he has advocated the idea that the source of art should be found among people, where ideas are born and carried forward by an unorganized and spontaneous participation of men and women, where artistic work is viewed as a process without any clear beginning or limits, where many can contribute either as „producers“ or „spectators“. Magnús has increasingly emphasized the cooperation of artists of different disciplines. The idea behind *Mob Shop* was to bring together people to work in unison, where there was no one exclusively responsible for any particular project and no particular leader controlling others. The stage production *Burst ear-drum, left side* was a cooperative project between the National Theatre and the People's Theatre, and in the voice sculpture *Freyskatla* members of the Motet choir and technicians of the National Radio station cooperated. Magnús has no qualms about directing his artistic activities into fields that in the traditional sense do not belong to the visual arts, since he sees no objection to using sound, voice, and movement of the body as mediums for his visual creations.

## 3.

Art is not the same as the arts. Making art is not necessarily dependent on working within an artistic discipline. These two statements might sum up in compressed form the fundamental principles that guide Magnús in his artistic activities. But they are rather strange and contradict accepted opinion. We approach and get to know art through works of art, and works of art are either paintings, sculptures, poems, or music, i.e. the products of the various arts, or disciplines of art. The way to art leads through the arts, and to be an artist is to be proficient at a particular art. However, Magnús's position is that the arts are routes toward the same, or similar objectives. The arts as such are not art. Therefore there can be other mediums, other routes or techniques, that can be just as useful. As has happened with the photographic medium, and now lately video. Conversely mediums can outlive their usefulness and cease to be effective means toward artistic value. In the seventeenth and eighteenth centuries landscape gardening was a highly regarded artform equal to others, but not anymore. In our age there have been claims that oil painting no longer plays as important a role within art as in the past. This clear distinction between art and the arts has several consequences. The emphasis is no longer so strongly on the craft aspect, the artist's knowledge of his medium and the materials he works with, conspicuous skill in the handling of technique, and on the part of the spectator admiration for the surface qualities of the material and the medium. The way is cleared toward unlimited possibilities in the choice of material and method. The great model is, of course, Marcel Duchamp, who used both ordinary things, made by others, or

methods that were devoid of any aesthetic sensibility toward the material, in order to direct the spectator's attention „toward other regions more verbal“. For the spectator this means that he is put in the position of having to interpret the work and make something of it, and thereby complete the artistic process. This means that the artist is not only dealing with the artwork's inner structure but also those factors that are crucial for the spectator's reception and interpretation, the prejudices and preconceived ideas one can expect from him, the set of values that are generally accepted, the myths about art that have a lot to say about the artist's social status and general attitude to his profession. This does not only concern the content of the work of art or its idea, because even though it is sometimes said that the idea behind the work is all important and the material and method are irrelevant, this is not the whole story. All material must be used with the same care, because the material and objects used carry themselves symbolic connotations that affect the work's interpretation. The same applies to the artist's personal touch and the technique used. There is no material or method that is completely neutral and *invisible*.

Concerning Magnús's choice of plaster he has said that its main advantage is how „dead and inconspicuous“ it is, and well suited to the kind of conceptual art he was involved in during the sixties and seventies. And in an interview in the Icelandic arts magazine *Black on white* (Svart á hvítu) he said that he „has no interest in the formalism of the object“, and that he doesn't feel that „one form is any better than any other form“. In later work he has turned away from the material object as such, by using sound and the human voice as subject matter for his sculptural work. In „**Almost never ...**“ words are written by stringing together pieces of used soap; words, a mental phenomenon, written with soap bars, made to disappear gradually between our hands. In the catalogue to the Borealis 2 exhibition he wrote: „Perhaps the visual is getting less and less important. [...] What you cannot see is more exciting than what you can see.“

Magnús avoids exaggerating the importance of craft and skill, since proficiency can be viewed as relative to the result achieved by the work. If it is good then it is well made, but the converse is not necessarily true, because even though the work is well made, i.e. skillfully and delicately, it is still no guarantee of artistic merit. So it is unnecessary, and impossible, to isolate craft as an independent factor in artistic production. The artist uses the methods he sees fit for each occasion, whatever they may be and even though they mean acquiring skilled assistance.

Magnús has never behaved as a „respectable“ artist should. He has never seen the virtue of establishing a proper atelier, specialising in a particular style, being diligent and working twelve hours a day on incredibly difficult projects. He has often expressed his belief that drawing skills, the basic ingredient in traditional education of any artist, is not necessary in the education and work of an artist; specialisation and technique are methods, instruments, to achieve an aim, but have no independent value apart from that. But this is also an attitude that met opposition when he took over an experimental department at the Icelandic College of Art and Crafts in 1975, and has since then been a bone of contention. There he flies straight in the face of a deep rooted belief that the artist does not deserve that title unless he proves himself worthy, through hard work and devotion, by possessing knowledge in a chosen field of a particular artform and can exhibit skill in the use of that knowledge.

The history of modern art has been characterised by artists struggling against traditional limitations and for complete freedom in creative endeavours. Now there seems to be no limit to what artists can do, in principle at least, though circumstances usually are a limiting factor. So the struggle of finding new ways and overstepping boundaries is not as pertinent today as it was in the sixties. But that doesn't change the fact that such attitudes still meet considerable antagonism among those who adhere to the values associated with the arts, such as skill and formal beauty. The historical *avant garde* belongs to the past, but now there are two camps, one that believes in the particular virtues of the arts and the tradition associated with it, and those that pursue art independently of any particular medium, pursue content rather than form, meaning rather than sensory impressions. Magnús was one of the first Icelandic artists to be completely clear in his choice of the latter alternative and inserted considerable influence on artists appearing in the seventies and eighties. He even goes as far as to doubt the uniqueness of visual art as such. In one place Magnús wrote: „Gradually sound got the upper hand in my conscience and thereby in my work. I feel that our age is the age of sound. Not sight. Sound is the most important force.“ It is strange to hear such a confession from an artist. Yet he considers himself a visual artist, even when he is working exclusively with the human voice. But this clearly shows that he is not only reluctant to admit the borders between disciplines of visual art, but also between visual art, music and literature, and any art for that matter. And following this line of thought, why should he admit the distinction drawn between art and life, in other words between art and daily labour, between art and education.



4.

This leads us to consider another important side to Magnús's artistic thought. His attitude to the work of art and the practice of art is rooted in philosophical notions that shine through in many places in his art, probably clearest in the plaster- and conceptual works. He is constantly confronting opposites, as in negative and positive form. But not only in the case of space and other formal properties; the strange and funny is set against the mysterious, playfulness against the ponderous, kitsch against high art, „shit“ against sweetness; the pretentiousness of the artist is met with the self-irony of the dilettante. Magnús can't resist the temptation to affirm the value of the opposite. If something is established as good and right, then its opposite must be equally good and equally important. He has said in interviews that nothing can exist without its opposite. A pictorial illustration of this thought can be found in, for instance, **Beach**, where the positive space of one thing is the negative space of another, and together they form a continuous whole, where the negative and the positive cancel each other out.

The polarisation that matters most is between art and life, play and reality, artistic activity and everyday survival. Artists had utopian ideas about bridging the gap between art and life during the sixties and seventies, or at least to make art a more integral part of everyday existence. But such ambitious ideas were not Magnús's intention, not to dissolve all opposites, but rather to get beyond the standardized and rigid set of values that people put their trust in and accept as givens without further thought. One can see this in the way he uses and treats, with equal interest and care, classical texts such as the Icelandic sagas, and pulp literature, such as comic strips and romantic stories from women's magazines, thus defying distinctions between high and low art, which prevent us from perceiving the beauty that can be found in the latter.

Magnús employs strategies that have a lot in common with activities of the Fluxus movement of the sixties, where people talked in „paradoxes“, some sort of absurdism was prevalent, accompanied by a dry humour and strange inventiveness. Most important was to work in the right spirit: if you are sure of what you are doing then something is wrong – if you are not sure, then don't worry. The highest praise that could be bestowed on any work of art was to say that it was strange.

Magnús's art is not an art of permanence, it is constantly on the move and looking beyond its course. There is no such thing as classical beauty in his aesthetics, but he never loses sight of beauty, the madness never gets out of hand, as sometimes happens when Fluxus artists take off; he looks for beauty that is volatile and can never be counted on in advance. And if this article gives the impression that he is a ponderous rebel then that would be highly misleading, there is nothing heavy about Magnús's art, it is full of humour and good spirits, and a sincere wish to communicate with people.

## KENNSLA

**„Listkennsla er list og á að vera list. Hún færir sömu unun og lifsfyllingu og öll önnur list. Hún krefst sömu atorku, hugmyndaauðgi og hæfni til að hrifa aðra til sköpunar. Þetta hafa menn ekki skilið. Listin að kenna þarf að öðlast sömu viðurkenningu og önnur list og vera höfð í hávegum.“**

Þetta sagði Magnús Pálsson á ráðstefnu um listfræðslu í Henie-Onstad safninu í Ósló 1986. Tveim árum áður hafði hann haldið merkilega sýningu í Nýlistasafninu í tengslum við Listahátíð í Reykjavík, sem bar hið sérkennilega nafn **Kennsla: geggjáðasta listgreinin**. Til sýnis voru verk sem voru afrakstur kennslu Magnúsar hérlandis, í Noregi og Hollandi.

Ekki geta allir tekið undir hina víðtæku skilgreiningu listarinnar, sem kom fram í titli sýningarinnar, en hvað sem því líður, kemur fram hversu mikið metnaðarmál kennslan er Magnúsi. Hún er honum ekki einhver aukabúgrein. Sú staðreynd að virtur, skapandi listamaður velji sér þetta efni til sýningar við þetta tilefni sýnir alvöruna.

Oft gleymist gildi góðrar listkennslu fyrir myndlistarflórana og ekki síður hversu heppnir listaskólarnir eru að mega njóta starfskrafta góðra listamanna. Það er nefnilega langt frá því að hæfustu listamennirnir telji tíma sínum best varið innan veggja þeirra og þarna kemur fram óþægileg mótsögn því það eru nefnilega þessir einstaklingar sem metnaðarfullir listnemendur þurfa á að halda.

Afskipti Magnúsar af kennslumálum verður að skoða í því ljósi að hann er þess konar listamaður sem lætur sér ekki nægja að sinna „eigin verkum“ heldur lætur sig varða ýmislegt sem við kemur vaxtarskilyrðum listarinnar og ytra umhverfi hennar og aðstæðum. Þannig hefur hann unnið að ýmsum mikilvægum málum sem litið hefur farið fyrir, t.d. varðandi kynningu á íslenski list erlendis. Önnur mál nefni ég hér, útvegum á sýningarhúsnæði fyrir Nýlistasafnið og sýningar skála fyrir Íslendinga á Tvíæringnum í Feneyjum, svo eitthvað sé nefnt. Því má útvíkka listhugtakið enn, því Magnús hefur til gamans nefnt þessi störf „Donky Art“.

Magnús hafði oft kennt við Myndlista- og handiðaskóla Íslands, m.a. í tíð Kurts Zier. Þá sá hann um undirbúningskennslu fyrir væntanlega arkitektúrmenndur og kom því ekki ókunnur að skólanum þegar Hildur Hákonardóttir skólastjóri bauð honum kennslu árið 1976. Hann þáði starfið með því skilyrði að hann fengi að leiða námið eftir sínum eigin hugmyndum. Þetta ásamt tilvist hóps nemenda sem óskuðu breytinga leiddi til stofnunar nýrrar deildar sem í fyrstu hét *deild í mótun* og síðan *nýlistadeild*, nafnið varð til í umræðu Magnúsar, Harðar Ágústssonar og Jóns Gunnars Árnasonar. Í þessari nýju deild skyldu kynnt m.a. ný viðhorf í listum. Þegar deildin dafnaði og varð jafnframt umdeildari kom til tals að nefna hana *deild á verði*.

Stofnun deildarinnar kom í kjölfar mikilla umbyltinga í íslensku myndlistarlífi. Gallerí SÚM og listamenn tengdir því höfðu kynnt listviðhorf og stefnur sjöunda áratugarins. Áratugur fjölbreyttari efnisnotkunar, nýrrar tækni og samruna listgreina. Mörg merkustu verk þessa tíma falla oft á milli fyrri skilgreininga listgreinanna. Íslenskt myndlistarlíf hafði færst örlitlu nær umheiminum. Þessi viðhorf hlutu fyrr eða síðar að ná inn í skólann. Í hinni nýju deild var tekist á við þessa listhugsun og hina nýju miðla: bókagerð, hlutfeldi (multiple), kvikmyndir, myndbönd, performansa, texta og hljóð, svo eitthvað sé nefnt, auk þeirra hefðbundnu, þrátt fyrir fátæklega aðstöðu. Þessi fjölbreytni færði áhersluna frá faghugsun til hugmyndarinnar. Miðillinn skyldi þjóna listhugsuninni.

Magnús lagði mikla áherslu á umræðu og hópstarf án þess að skoðanir hans væru endilega í forgrunni. Þetta var eitt megin einkenni listkennslu hans. Oft var lagður fram ákveðinn rammi til

virðingarmarkaðsleg sköpunarkrafts og í kringum þessi verkefni fóru fram miklar umræður sem miðuðu að því að gera listhugsun hvers og eins meðvitaðri og skýrari. Verkefni voru oft afar sérstök og tóku á grunnþáttum myndlistar. Nefni ég hér nokkur dæmi: 1. Til að takast á við fegurðarhugtakið voru nemendur beðnir að skapa mesta kitsch sem hugsast gæti, eitthvað nógu agalegt, ljótt og væmið. Árangurinn birtist í möppu sem hét **Hugglundur**. 2. Eitt sinn voru nemendur hvorki meira né minna en beðnir um að skapa nýja listastefnu með tilheyrandi stefnufirlýsingu. 3. **Bók um bók** var eitt metnaðarfullsta verkefnið sem var afrakstur maraþon umræðna um eðli og einkenni bókarinnar.

Það sem hér var nefnt til skilningsauka eru bara örfá dæmi um þessi verkefni sem mjög oft leiddu til einherrar samantektar og útgáfu, bóka, hljóðsnældna, o.s.fr., en uppistaðan í sýningu Magnúsar í Nýlistasafninu 1984 voru einmitt þessir hlutir.

Magnús starfaði ekki síður sem skapandi stjórnandi með því að skapa þær aðstæður sem örvað gætu nemendur, m.a. með vali á kennurum, og var þá oft leitað út fyrir raðir myndlistarmanna. Guðbergur Bergsson rithöfundur og Atli Heimir Sveinsson tónskáld voru fengnir til starfa um tíma. Byrjað var að leiða alþjóðlega strauma inn í skólann með merkingum, erlendum gestalistamönnum, Robert Filliou, Dieter Roth, Hermann Nitsch, og íslenskum listamönnum búsettum erlendis, Sigurði Guðmundssyni, Hreini Friðfinnssyni. Gengið var út frá gildi þess að við værum þátttakendur í framvindu heimslistarinnar.

Starfsemi deildarinnar mætti alltaf mikilli tortryggni. Upp kom ágreiningur sem tengdist grundvallarmismun á viðhorfum til listar, um alþjóðahyggju og þjóðernishyggju í listum, um form eða fagmennsku og innihald. Í raun tókust á sjónarmið sem byggðu á grundvallarmismun á lífsviðhorfum. Sjaldnast fór fram uppbyggileg rökræða heldur var hún oftast á persónulegum notum í kringum hluti. Hér kemur hugsanlega til mikil persónuleg nálægð og smæð samfélagsins. Á þessum tíma kom fram sérstök, heimatilbúin listasaga og orðið *nýlist* varð til, og oftast en ekki notað í frekar neikvæðum tón. Deilt var um hvort réttlæt看legt væri að kenna þessa ákveðnu listastefnu í sérstakri deild. Allt sem var óvenjulegt og unnið í óhefðbundna miðla var flokkað undir þessa nýju stefnu, hvort sem um var að ræða kyrrláta teikningu, ihugula ljósmynd eða expressioníska performansa. Nýrra dæmi af svipuðum toga er hvernig ofnotað er íslenska orðið *naumhyggja* sem er þýðing á orðinu *minimalismi* og varð til tuttugu árum seinna og síðar notað um allt og ekkert. Þessar skilgreiningar eru afurðir menningarlegrar einangrunar og sýna nauðsyn þess að rjúfa hana. Þær sýna auðvitað einnig hversu ónákvæmt tungumálið er til umfjöllunar um margbrotinn, listrænan þankagang.

Á vissan hátt má líkja listum við visindi. Viðfangsefni eru sammanleg og alþjóðleg og niðurstöður byggja á því sem áður hefur verið gert. Samskipti í einhverju formi eru forsenda þess að menn geti skapað á frumlegan hátt, út frá staðbundnum aðstæðum, eigin persónuleika og reynslu.

Deilan um hvort fari á undan og sé mikilvægara, form eða innihald, er af sama toga, sígild en mjög oft fánýt. Í góðu listaverki fara þessir hlutir saman, eru samtvinnuðir og hvort tveggja má þjálfra. Þeir þjóna málsstað hvor annars. Sköpun góðs listaverks með aldagamalli tækni, olíu á striga, krefst sterkar hugmyndafræðilegrar undirstöðu, ekki einungis fagmennsku. Ekki nægir að mála „vel“. Á sama hátt krefst svo kölluð hugmyndafræðileg list réttar útfærslu svo að ásetningurinn komist til skila. Vandinn við gerð góðs listaverks getur komið á mismunandi stigum þess. Í nýrri list takast menn á við ný vandamál. Deilur um þessi atriði verður að skilja í samhengi þess tíma þegar þær komu upp. Nýir listmiðlar og fjölbreyttari möguleikar í efnisnotkun kröfðu menn um að huga að grunnásetningu sínum og velja honum réttan búning. Eldri fagskilningur hefðbundins málverks og skúlptúrs nægðu ekki. Góð myndlist getur aldrei verið einungis sjónræn heldur einungis sjón-/vitræn. Listrænt vit verður að liggja að baki.

Hvað sem þessum deilum liður er listin óútreiknanleg og getur sprottið upp við ólíklegustu aðstæður ef nógu sterk innri sannfæring gerandans er til staðar, hvorum megin miðlinunnar sem menn standa.

Magnús Pálsson leiddi nýlistadeildina til 1981. Í hana söguðust forvitnir einstaklingar sem mjög

margir eru nú virkir í myndlistarlífinu. Hinir lífa vonandi ríkara lífi en ella því kennslan gekk mjög út á að upphefja daglegar aðstæður okkar. Magnús hefur síðan haldið áfram að kenna af og til, héraendis og erlendis, og víkkað kennsluhugsun sína meðal annars með stofnun alþjóðlegrar, hreyfanlegrar vinnustofu listamanna, **Mob Shop**.

Ef kennsla er listgrein þá er hún þess eðlis að enginn höfundarréttur gildir. Margt af því, sem Magnús kom af stað með nýlistadeildinni, hefur verið notað, bætt við það eða þróað.

Höfundur er myndlistarmaður, nemandi nýlistadeildar 1977-1979 og síðar deildarstjóri nýlistadeildar, síðar fjöltkneideildar, Myndlista- og handiðaskólans 1983-1993.

Ingólfur Arnarsson:

## TEACHING AS AN ART FORM

**"Teaching art is an art and should be an art. It gives the same pleasure and satisfaction as all other art. It demands the same energy, wealth of imagination and talent for inspiring others towards creativity. This has never been understood. The art of teaching needs to be given the same recognition as other art, and the same esteem."**

Magnús Pálsson made this statement at a seminar on art education at the Henie-Onstad Gallery in Oslo in 1986. Two years previously, he had staged a notable exhibition in the Living Art Museum in connection with the Reykjavik Arts Festival, under the peculiar title *Teaching: The Craziest Branch of the Arts*. Works on show there were the fruit of Pálsson's teaching in Iceland, Norway and the Netherlands.

Although the sweeping definition of art embodied in the exhibition title might not be universally endorsed, it does show the ambition which Magnús Pálsson vests in teaching. For him, teaching is not just a sideline. The fact that a respected creative artist should choose such a theme for an exhibition testifies to his seriousness.

People often tend to forget the value of good teaching for the flora of the visual arts, and likewise how fortunate art colleges are in having good artists to work for them. It is an uncomfortable paradox that the most talented artists feel they have much better ways of spending their time than being inside such institutions, since these are precisely the individuals that ambitious art students need to have.

Pálsson's involvement in teaching must be seen in light of the fact that he is the sort of artist who does not stop at attending to his "own works," but also concerns himself with various aspects of conditions under which art can grow and flourish, and its external environment and circumstances. He has worked on a number of important issues which have not been given a very high profile, such as promotion of Icelandic art in other countries. Other examples have been his involvement in finding exhibition premises for the Living Art Museum and an exhibition pavilion for the Icelandic entries at the Venice Biennial. The notion of art can thereby be seen in even broader terms; Magnús Pálsson has jokingly called such work "*Donkey Art*."

Magnús Pálsson had already been teaching quite regularly at the Icelandic College of Art and Crafts, including the period when Kurt Zier was there, giving preparatory courses for prospective architecture students, so he was not a newcomer to the place when Hildur Hákonardóttir, the director at the time, offered him a post there in 1976. He accepted on condition that he would be allowed to run the course according to his own ideas. This independence, combined with the presence of a group of students who wanted to see changes made, led to the establishment of a new department initially known as the *experimental department* and later called the *New Art department*, a name which developed during discussions between Magnús Pálsson, Hörður Ágústsson and Jón Gunnar Árnason. One aim of the department was to introduce students to new viewpoints on art. As it grew in scope and became more controversial, the idea was even raised of calling it the *look-out department*.

The department was established in the wake of great turmoil on the Icelandic art scene. The SÚM gallery and the group of artists connected with it had been promoting the artistic viewpoints and movements of the sixties, a decade of more versatile use of materials, new techniques and interdisciplinary art. Many of the

most notable works of this time fall somewhere between the earlier branches into which the arts had been divided. The Icelandic art scene had shifted slightly closer to the world around it, and it was only a matter of time before these views would enter the college. The new department engaged in new artistic concepts and media, including book design, multiples, film, video, performance art, text and sound, along with more traditional branches of the arts, despite very impoverished facilities. This diversity swung the emphasis from professional training towards the concept of art, which the media was to serve.

One of the main features of Pálsson's teaching was the great emphasis he gave to discussion and group work without necessarily putting his own ideas in the foreground. This would often involve presenting a certain framework for activating the group's collective creativity, and intensive dialogues revolved around the projects aimed at making the artistic concepts of each individual participant more conscious and clearer. The projects were frequently very peculiar and tackled fundamental elements of visual art. Some examples: 1. To tackle the concept of the aesthetic, students were asked to produce the ultimate kitsch, something sufficiently appalling, ugly and sentimental. The results were presented in a file called *Mind-Hooch*. 2. Students were once asked to do nothing less than create a new artistic movement, with an appropriate manifesto. 3. *Book about a book* was one of the most ambitious projects, the fruit of marathon dialogues on the character and characteristics of the book.

The above are only a handful of examples of Pálsson's many projects, which were often subsequently collected and published in the form of a book, tape, etc. It was these objects that formed the core of Magnús Pálsson's 1984 exhibition at the Living Art Museum.

Magnús Pálsson performed equally as a creative director in the way he established a climate which would stimulate his students, for example in his choice of teachers, who often came from outside the ranks of the visual artists. Author Gudbergur Bergsson and composer Atli Heimir Sveinsson were among those brought in to give classes. International currents started to appear in the college with noted artists-in-residence from other countries, such as Robert Filliou, Dieter Roth, Hermann Nitsch and Icelandic artists who lived abroad, such as Sigurdur Gudmundsson and Hreinn Fridfinnsson. The starting-point was the value of participating in the development of world art.

Department activities were always considered suspect. Disputes arose, linked to the fundamental difference in viewpoints towards art: about internationalism and nationalism in art, about form or professional training and content. In effect, this clash of views hinged upon fundamental differences in attitudes towards life. Constructive argument was rare, since generally the disputes were along personal lines, only touching upon the issues at stake. Conceivably this was a result of close personal contact and the small size of Icelandic society. At this time, a special, home-grown version of art history was being promulgated in Iceland, and the coinage New Art was more often than not used in a fairly negative sense. It was disputed whether there were valid grounds for teaching this particular subject in a separate department. Everything that was unusual and created using unconventional media was classified under this new movement, regardless of whether it was still-life drawing, contemplative photography or expressionistic performance art. A more recent example in a similar vein is the overuse of the term minimalism, which entered currency twenty years ago and was subsequently applied to everything and nothing. Such definitions are the product of cultural isolation, and show the need to break out of it. Of course they also show how vague an instrument language is in discussion of complex artistic thought patterns.

In one sense, art may be compared with science. Their subjects are common to all mankind and international in character, and their results are built on what has been done before. Some form of contact is the essential condition for original creation, on the basis of local conditions, private personality and experience.

The dispute about the priority and superiority of form or content is of a similar type: classical but often trivial. In a good work of art, the two operate together, are inextricably connected, and may both be trained. Each serves the cause of the other. The creation of a good work of art using the centuries-old technique of oil on canvas requires a strong conceptual foundation, and not only professional skills. It is not enough to be able to paint "well." In the same way, Concept Art demands the right elaboration in order for the intention behind it to be realized. The problem of making a good work of art can appear at various stages in its production. In New Art, there are new problems to be tackled. Disputes about these issues must be understood in the context of the time when they arose. New media and more diverse possibilities for using materials forced artists to consider their basic intention and choose the right guise in which to present it. The older professional understanding of conventional painting and sculpture no longer sufficed. Good art can never be entirely visual, but only visual and intellectual. The artistic intellect must lie behind it.

For all these disputes, art is unpredictable and can appear under the most unlikely circumstances if the performer has a sufficiently strong inner conviction, regardless of which side of the dividing line he stands.

Magnús Pálsson headed the New Art department until 1981. It attracted individuals with a strong streak of curiosity, very many of whom are now active on the Icelandic art scene. The remainder, it is hoped, live a richer life too, because Magnús Pálsson's teaching made a firm point of exalting our everyday circumstances. He has since taught intermittent courses in Iceland and abroad, and broadened his concept of teaching by such means as establishing the international, mobile artists' workshop, the *Mob Shop*.

If teaching is an art form, it is one in which there is no copyright. Many of Magnús Pálsson's innovations in the New Art department have been used, supplemented or developed.

The author is an artist and a former student at the New Art department. He was head of the New Art department (later named Multi-Media) at the Icelandic College of Art and Crafts from 1983-1993.

Ólafur Gíslason

## MINNINGIN UM MYNDLISTINA

**„Því efnisminni sem myndlistin er, þeim mun göfugri verður hún og þegar hún er löngu hætt að vera sýnileg, nema sem minningin um myndlist, er hún best.“**

1.

Þannig komst Magnús Pálsson að orði í samtali sem ég átti við hann á heimili hans í London síðastliðið sumar. Við sátum í hitabeltisloftslagi undir glerþaki á veröndinni, þar sem heit hádegissólin skín yfir höfðum okkar, og vorum að spjalla um myndlist og leikhús. Kolbeinn litli lék sér fáklæddur á gólfinu, en Frances var farin á ráðstefnu til Leeds. Þetta voru ágætari aðstæður til að nálgast viðfangsefnið á afslappaðan hátt og sú þversögn, sem kannski mátti lesa út úr orðum Magnúsar, hljómaði við þessar aðstæður fullkomlega eðlileg eins og ekkert væri sjálfsgöðara:

*„Næsta stigið er að myndlistin verður bara hljóð eða lykt, fyrirbæri sem eru samt sýnileg eða sjónræn inni í höfðinu. Á þann máta hefur hljóðið form og er mynd. Í þessum skilningi er enginn munur á listgreinum. Þær eru allar eitt. Tónlistin jafnt sem hinn skrifaði texti á sér mynd, og myndlistin hefur hljóð, og þegar öllu er á botninn hvolft er þetta allt einn og sami hluturinn og lýtur sömu leikreglum.“*

Myndverk Magnúsar Pálssonar eiga það yfirleitt sameiginlegt að vera á mörkum þess, sem við erum vön að kalla myndlist í daglegu tali. Það er ekki hægt að skilgreina þau með einföldum hætti sem málverk, höggmynd, grafík eða teikningu, og á seinni tímum hafa þau nálgast það að verða bókmenntir, hljóðverk eða tónverk eða jafnvel leiklist, án þess þó að tengslin við myndlistarhugtakið séu að fullu rofin. Það frjóa og óvænta við myndlist Magnúsar Pálssonar er einmitt folgið í því, að hún skilgreinir sig sjálf upp á nýtt með sérhverju verki. Um leið og hún hafnar gömlum skilgreiningum heldur hún sig á því hættusvæði, sem við getum sagt að sé á mörkum þess mögulega. Hún reynir á þanþol myndlistarinnar og möguleika hennar til að skapa merkingarbært myndmál, sem ekki þiggur réttlætingu sína frá viðurkenndri hefð og fyrirfram gefnum ramma eða formúlu.

2.

Það mætti vel hugsa sér bókmenntatexta um þann imyndaða atburð, þegar Alexander mikli (frá 4. öld f. Kr.) komst í bólið hjá Nefertitu (egyptskri drottningu frá 14. öld f. Kr.) og hún hvíslaði

leyndarmáli í eyra hans á koddanum. En hvernig má gera slíkan ímyndaðan atburð að efni í myndverk?

Í gifsmynd frá árinu 1976, sem ber heitið *Hvískur*, hefur Magnús gert þetta ímyndaða vandamál sýnilegt með því að gera afsteypu af rýminu á milli vara Nefertitu, og eyra Alexanders mikla þar sem brjóstmyndir þeirra hafa verið lagðar á kodda. Í verki þessu sjáum við eins konar efnisgerða mynd af hljóði, þannig að við getum séð það fyrir okkur sem gifsafsteypu. Formið sem hér um ræðir er ekki óhlutlægt eins og við erum vön að sjá til dæmis í afstraktskúlpúrum Gerðar Helgadóttur. Það er heldur ekki eftirlíking þekktar hugmyndar eða hlutar eins og við sjáum til dæmis í höggmyndalist Einars Jónssonar. „Fyrirmyndin“ að þessu verki er hér fryst í sjálfri „eftirmyndinni“, enda er „fyrirmyndin“ ekki af efnislegum toga. Hins vegar getum við séð fyrir okkur að *hvískrið* hefur fyllt það rými sem „eftirmyndin“ sýnir. Verk þetta hefur ekkert fagurfræðilegt gildi í hefðbundnum skilningi sem notalegt sjónaréiti. Áferð þess eða lögun lýtur ekki þeim lögmálum hrynjandi og myndbyggingar, sem oft er lögð til grundvallar máti okkar á myndlist. Verkið hefur ekkert skreytigildi samkvæmt þessum hefðbundna skilningi og virðist ekki vænlegt til að öðlast mikið skiptagildi á listamarkaðnum sem listmunur. Í hverju er gildi verksins þá fólgið, og hvað réttlætir að vita að við litum á það sem list?

Í rauninni er ekkert sem skyldar okkur til að líta á þennan gifsklump sem list. En okkur er hins vegar boðið upp á þann möguleika og sá möguleiki krefst þess jafnframt að við meðtökum nýja skilgreiningu á listhugtakinu sem slíku. Ef við göngumst inn á þetta tilboð eða þennan möguleika, kann að vera að okkur opnast nýr skilningur á myndmálinu, eðli og hlutverki myndlistar og möguleika hennar til að fást við þann veruleika, sem við búum við.

Verk eins og þetta getur vakið spurningar eins og til dæmis þessar:

– Hver er munurinn á því að gera mynd af fjalli og mynd af hljóði? Er myndin af fjallinu eitthvað sannari en myndin af hljóðinu?

Menn gætu sagt sem svo, að auðvitað sé hægt að gera sannari mynd af fjallinu en hljóðinu vegna þess að fjallið hafi ákveðið efnislegt form en hljóðið ekki.

– Gott og vel, en hefur eftirlíkingin af formi fjallsins eitthvað meira með fjallið sjálft að gera en til dæmis afsteypan af því rými sem hljóðið hefur með að gera? Er hún að einhverju leyti sannari?

Og meðal annarra orða: Hvernig verður fjallið endurgert á sannferðugan hátt? Með málverki, landakorti, módeli eða kvikmynd? Er það yfirleitt hlutverk myndlistar að gefa sannferðuga mynd af hinum ytri veruleika? Og ef svo er ekki, er myndlistin þá kannski einskær blekking og lygi?

Trúlega munum við komast að þeirri niðurstöðu, að myndin og fjallið séu tveir ólíkir heimar, er lúti ólíkum lögmálum, og að sami mælikvarðinn verði aldrei lagður á hvort tveggja. Fjall er fjall og mynd er mynd, hvort sem hún segist vera af fjalli eða einhverju öðru. Fullyrðing myndarinnar um að hún sé fjall fær ekki staðist frekar en fullyrðing gifsformsins um að það sé *hvískur Nefertitu* í eyra Alexanders mikla. Með öðrum orðum, þá er raunsæi myndlistarinnar hliðstæða við sisönnun eða klifun, sem sækir réttlætingu sína í form tungumálsins, óháð formi fjallsins eða hins ytri veruleika.

Ef þetta er niðurstaðan, þá er ekkert fráleitara nema siður sé að gera gifsmynd af *hvískri Nefertitu* en til dæmis af Esjunni. Hvort tveggja er jafn mikil blekking, nema hvað myndin af *hvískrinu* er að því leyti sannari að hún er afsteypa. En ekki nóg með það, þessi afsteypa hefur það umfram afsteypu af dauðum eða lifandi efnislegum hlutum, að innihaldið er leyndarmál. Við sjáum að vísu form þess, en við getum ekki ráðið innihaldið. Verkið gefur þannig ímyndunaraflinu lausan tauminn: Hverju hvíslaði Nefertita í eyra Alexanders mikla á koddanum? Jafnvel afsteypa af allri Esjunni í fullri stærð gæti aldrei gefið ímyndunaraflinu slíkan byr undir vængi!

### 3.

Magnús Pálsson hóf starf sitt að frjálsri myndlist í upphafi sjöunda áratugarins eftir að hafa

starfað um árabíl að leikmyndagerð. Þegar í fyrstu verkunum, sem hann sýndi opinberlega (t.d. bókverkinu *Pappírsást* frá 1965 og lágmyndinni *Dulargerfi* frá svipuðum tíma, sem er málningarbakki með notuðum penslum, sem dulbúnir eru sem skráfur) kemur fram afdráttarlaus og gagnrýnin afstaða til þess sem við getum kallað hefðbundinn módernisma, eins og hann hefur verið túlkaður til dæmis af bandaríska listgagnrýnandanum Clement Greenberg.

Í ritgerð sinni *Modernist Painting* frá árinu 1965 gerir Greenberg skýra grein fyrir fræðilegum forsendum þeirrar myndlistar, sem við kennum gjarnan við afstraktmálverkið eins og það hafði þróast á Vesturlöndum í nokkurn veginn rökréttu framhaldi af impressionismanum og kúbismanum. Greenberg segir þar réttilega, að allt frá því á tíma Upplýsingarinnar á síðari hluta 18. aldar hafi myndlistin þurft að sækja réttlættingu sína í það, sem hún hefur til að bera umfram önnur svið mannlegrar starfsemi. Hún gat með öðrum orðum ekki lengur sótt réttlættingu sína í trúarlegt innihald, hlutlægt upplýsingagildi eða pólitískt uppeldishlutverk, svo dæmi sé tekið. Endanleg niðurstaða hins móderniska málverks var að hreinsa sig af öllu öðru en því, sem Greenberg kallaði „hið sjónræna áreiti“. Þetta hreina sjónræna áreiti á sitt hreinasta form í strangflatarmálverkinu, þar sem öllu bókmenntalegu eða hugmyndalegu innihaldi hefur verið úthýst, og þar sem öll líking við eða tilvísun í annan veruleika en veruleika málverksins sjálfs, hefur verið hreinsuð burt. En það var ekki nóg að draga þannig skýr mörk á milli myndlistarinnar og umheimsins. Innan hennar átti líka að vera ströng verkaskipting, þar sem hreinsa þurfti málverkið af öllu því er tilheyrði sérsviði skúlptúrsins, sem var þrívíddin. Fyrir Greenberg var sérhæfingin jafn sjálfsögð í myndlistinni og innan vísindanna og þessi sérhæfing átti að leiða til æ meiri hreinleika og göfgunar innan málverksins annars vegar og skúlptúrsins hins vegar.

Það er athyglisvert að lesa þessa ritgerð með tilliti til myndverka Magnúsar Pálssonar þar sem hún er skrifuð um það leyti sem hann er að hefja feril sinn á sviði frjálsrar myndlistar. Því Magnús gengur strax í upphafi þvert á grundvallarreglur Greenbergs og þar með þvert á grundvallarreglur hins viðurkennda módernisma, eins og þær höfðu verið skilgreindar af helsta talsmanni hans í Bandaríkjunum. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga, að Greenberg gengur út frá tveim forsendum sem gefnum.

Í fyrsta lagi gengur hann út frá því sem gefnu að Listin með stóru L sé nánast sjálfgefinn hlutur eða stofnun, sem ávallt hafi verið til og ávallt hljóti að verða til. Það þurfi einungis að hreinrækta hana og göfga með aukinni sérhæfingu í samræmi við sérhæfingu á öðrum sviðum hins tæknivædda þjóðfélags.

Í öðru lagi gerir hann greinarmun á „hreinri sjónrænni tjáningu“ og annarri tjáningu, sem hefur til dæmis með tungumál, hljóð eða látbragð að gera. Með öðrum orðum þá segir hann að litir og form hafi sjálfstæða merkingu, sem sé óháð öðrum veruleika, og að þennan efnivið megi „hreinsa“ og „göfga“ þannig að úr honum verði háleit og göfug list, er sé sjálfri sér nóg og sæki réttlættingu sína og merkingu einvörðungu í sjálfa sig, rétt eins og stærðfræðin réttlætir sjálfa sig einvörðungu með tölum, en hvorki með trúarlegum né pólitískum kennisetningum.

Þetta var sá hugmyndalegi grundvöllur, sem hlotið hafði almenna viðurkenningu á þessum tíma, einnig hér á landi, og lá til grundvallar þeirri afstraktmyndlist, sem algengust var í listasöllum Reykjavíkur jafnt og annarra menningarborga á Vesturlöndum. Magnús Pálsson dregur allar þessar forsendur módernismans í efa strax í upphafi ferils síns, þar með talda hugmyndina um sjálfgefna, ævarandi tilvist Listarinnar og hið göfgandi hreinsunarstarf listamannanna í einangruðum heimi lita og forma. Gagnrýni á hugmyndina um „hið hreina sjónræna áreiti“ var reyndar ekki ný á þessum tíma, þótt hún hafi ekki átt upp á pallborðið í hinni opinberu umræðu. Það var trúlega Marcel Duchamp sem setti hana fyrst fram með afgerandi hætti á öðrum og þriðja áratug aldarinnar, þegar hann vann að *Ready made* verkum sínum og stóra glerinu.

Í viðtali, sem Otto Hahn átti við Duchamp og birtist í timaritinu *L'Express* í júlí 1964, setur Duchamp þessa gagnrýni sína fram enn einu sinni, og þá með eftirfarandi orðum:

„Frá og með Courbert hafa menn haldið því fram að myndlistin höfði til sjónhímnunnar, að málið snúist um hinn sjónræna hroll ... í eina tíð hafði myndlistin hins vegar annað hlutverk. Það gat verið trúarlegt, heimspekilegt, siðferðilegt ... Myndlistin var brú sem opnaði leið að öðrum



veruleika. Beato Angelico leit ekki á sig sem listamann., hann bjó ekki til list. Hann leit á sig sem handverksmann í þjónustu Guðs. Það var fyrst seinna sem menn uppgötuðu listina í verkum hans.“

Það er vel þess virði að ihuga þessi tvö gagnstæðu sjónarmið í ljósi myndlistar Magnúsar Pálssonar, því þau koma frá mönnum, sem hafa trúlega haft meiri áhrif á þróun vestrænnar myndlistar á síðari hluta tuttugustu aldarinnar en flestir aðrir. Ólík afstaða þeirra markar skilin á milli tveggja höfuðstrauma í myndlistarsögu tuttugustu aldarinnar.

Á meðan Greenberg — og reyndar einnig margir áhrifamiklir talsmenn minimalismans eins og Ad Reinhardt og Donald Judd, — hafa lagt þunga áherslu á að myndlistin sé einangraður heimur, sem ekki geti með neinum hætti vísað út fyrir sjálfan sig, þá talar Duchamp í ofangreindri tilvitnun um myndlistina sem brú, er opni „leið að öðrum veruleika“, um leið og hann gagnrýnir þann skilning, sem varð til „frá og með Courbert“ (1819–1877), að myndlistin snúist fyrst og síðast um sjálfa sig eða „hið hreina sjónræna áreiti“ og höfði þannig til sjónhimnunnar fyrst og fremst. Reynslan sýnir okkur að afstaða Greenbergs, svo rökrétt sem hún kann að virðast, hefur leitt af sér stranga formhyggju með tilheyrandi upphafningu handverksins og listhlutarins sem slíks, þar sem skreytigildið og hinn góði smekkur hefur endanlega orðið helsta viðmiðið. Afstaða Duchamps greiddi hins vegar götu hugmyndalistarinnar, þar sem gerður er skýr greinarmunur á hugmyndinni annars vegar og efnislegri útfærslu hennar hins vegar.

#### 4.

Hvernig skilgreina myndverk Magnúsar Pálssonar sig sjálf innan þessara ólíku sjónarmiða? Það er ljóst að ef deilan snýst um það, hvort gildi myndlistarinnar felist í hinum efnislega hlut og formi hans annars vegar eða hugmyndinni á bak við formið hins vegar, þá eru myndverk Magnúsar fyrst og fremst eins konar ávísanir á hugmyndir og sem slík í anda Duchamps. Það er ekki hin efnislega gerð verksins, sem er þungamiðjan, heldur sú hugmynd sem hinni efnislegu útfærslu er ætlað að miðla. Það sem er heillandi við gifsmyndina *Sekúndurnar þar til Sikorskyþyrnan snertir* (frá 1978) er ekki efnislegt form eða áferð verksins í sjálfu sér, heldur sú hugmynd að hlutgera þetta augnablik í myndverki með þeim hætti að við sjáum nákvæmlega fyrir okkur formið á því lofti, sem skilur hjólin frá jörðunni nokkrum sekúndum áður en þyrnan lendir. Þessi form sýna okkur rákmar í hjólbörðunum og mismunandi hæð þeirra frá jörðu og innbyrðis afstöðu hjólanna þriggja, gefa til kynna örliði ójafna landingu um leið og þau sýna okkur óbeint allt það, sem ekki er til staðar: Þýrluna sjálfa með þýrluspöðunum á hreyfingu, hávaðann og vindinn og þyngdaraflið sem dregur vélina til jarðar. Myndlistin er þannig hætt að vera sýnileg með berum augum nema að hluta til, þótt við sjáum hana fyrir okkur í hugarum sem eins konar „endurminningu um mynd“.

Það er ekki óeðlilegt að spurt sé hvort verk á borð við þetta hafi eitthvað með myndlist að gera. Því er til að svara, að um það gilda engar fyrirfram gefnar reglur, hvað sé myndlist. Sá sem ætlaði sér að setja slíkar reglur, yrði fljótt að athlægi og kæmist auðveldlega í mótsögn við sjálfan sig. Einasti mælikvarðinn, sem við höfum, er sú skilgreining sem hvert einstakt myndlistarverk felur í sér. Það er undir okkur sjálfum komið, hvort við litum á verk eins og þýrlulendinguna með opnum huga og meðtökum það sem myndlistarverk á sínum eigin forsendum. Ef við gerum það, þá höfum við jafnframt meðtekið nýja skilgreiningu á myndlistinni og nýjan skilning á myndmálinu, sem til dæmis gengur þvert á skilgreiningu Greenbergs. Samkvæmt hugmyndalegum forsendum hans væri það utan marka myndlistarinnar að ætla sér að gera mynd af tímanum og hreyfingunni og þyngdaraffinu með þessum hætti. Það hefði einfaldlega ekkert með hið hreina sjónræna áreiti myndlistarinnar að gera. Skilningur Greenbergs hafði hins vegar þrengt mjög að myndlistinni um miðjan sjöunda áratuginn og sett henni skorður, sem gerðu endurtekninguna óhjákvæmilega, og með henni þá hlutadýrkun, sem flestir viðurkenna að hafi litið með skapandi hugsun að gera. Til þess að brjóta þennan ramma þurfti nýja skilgreiningu á listinni, viðfangsefni hennar, hlutverki hennar og merkingu.

Greenberg og módernistarnir höfðu lagt þunga áherslu á að myndlistin ætti ekki að líkja eftir hinum ytri veruleika. Í verkum Magnúsar er heldur ekki um hefðbundna eftirlíkingu að ræða. Þar

fellur skilningur þeirra í raun saman. En það þýðir ekki að verk Magnúsar séu óháð og án tengsla við hinn ytri veruleika. Þvert á móti gera þau hann að efnivið með fullkomlega nýjum hætti og opna þannig nýja sýn bæði á myndlistina og þann heim sem hún er spröttin úr.

Dæmi um rannsókn Magnúsar á myndmálinu og tengslum þess við hinn ytri veruleika eru speglunir hans, eins og við sjáum til dæmis í verkinu Ó pund=pund 9. Verk þetta sýnir hvernig myndmálið lýtur öðrum lögmálum en hinn ytri veruleiki, í þetta skipti veruleiki stærðfræðinnar. Speglunin, sem er fullkomlega rökrétt og sjálfri sér samkvæm á máli myndlistarinnar, verður rökleysa á máli stærðfræðinnar. Myndlistin bregður þannig nýju ljósi á hinn ytri veruleika án þess að líkja eftir honum með hefðbundnum hætti. Hún verður með vissum hætti sú „brú inn í annan heim“, sem Duchamp talaði um.

5.

Á sínum tíma höfðu margir afstraktmálverkinu af því að þar var ekki hægt að finna neina líkingu við þekktan veruleika. Það vantaði landslagið eða mannsmyndina eða hvað það var, sem mönnum fannst að ætti að vera í mynd til þess að hún gæti talist list. Margir vinstrisinnar voru meðal annars þessarar skoðunar og kölluðu afstraklistina „formalísma“ og úrkynjun. Jónas Jónsson frá Hríflu var líka sömu skoðunar, þegar hann sagði um Jósef Stalín, að hann mætti þó eiga það að hann léti búa til góðar myndir. Það var sósíalrealisminn, sem sótti réttlætingu sína í pólitíska lofgjörð um fyrirmyndarverkamanninn og hinn dáða leiðtoga. Ef við gefum okkur að eftirlíkingin sé forsenda myndlistarinnar, og að hún þurfi að sækja sér slíka pólitíska réttlætingu, þá er afstraktmálverkið líka markleysa. En út frá nýrri skilgreiningu á listhugtakinu og myndmáli listarinnar var afstraktmálverkið viðurkennt á sínum tíma sem list, og það auðgaði skilning okkar á möguleikum myndlistarinnar.

Sama gildir nú, þegar við horfum á myndverk Magnúsar Pálssonar. Ef við gefum okkur fyrirfram, að myndlistin eigi að vera málverk eða skúlptúr, er byggð á hreinu sjónrænu áreiti og hreinni formrannsókn, sem hafi enga tilvísun í hinn ytri heim, þá eru verk Magnúsar ekki myndlist, heldur eitthvað annað. Ef við hins vegar köstum frá okkur fyrri skilgreiningum og fordómum, getum við uppgötvað í þessum verkum nýja möguleika myndlistarinnar, sem losa hana úr viðjum endurtekningarinnar og því hlutskipti, að verða leiksoppur hlutadýrkunar, skreytiþarfar og kaupmennsku. Um leið og við köstum frá okkur þessum fyrirfram gefnu formúlum um það, hvernig listaverk eiga að vera, komumst við að því, að einmitt í þeirri nýju sýn á möguleika og hlutverk myndlistarinnar, sem lesa má úr verkum Magnúsar Pálssonar, er að finna óvenjulegt hugmyndaflug, skarpa hugsun og húmor, auk þess sem hún er merkari og sannari vitnisburður um okkar samtíma en algengt er að finna í myndlist samtímans.

6.

Á síðari árum hefur Magnús einkum fengist við tilraunir með hljóð og texta, sem hann hefur ýmist samið sjálfur eða fengið að láni og blandað saman og „útsett“ fyrir kór, samlestur eða flutning á leiksviði. Í verkum þessum, sem Magnús kallar ýmist *raddskúlptúra* eða *rjóður*, hefur hann gengið enn lengra í að vikka út skilgreininguna á myndlistinni og um leið skilning okkar á henni. Magnús hefur því ekki látið staðar numið við að hlutgera óhlutstæð hugtök með list sinni, heldur skilgreinir hann hljóðið nú sem skúlptúr. Í fyrstu verkum sínum af þessu tagi notaðist Magnús einkum við lánaða texta, sem hann klippti saman í eins konar collage-verk. Í útsetningu textans fyrir upplestur er hann gjarnan notaður eins og hvert annað hráefni fyrir tónverk eða myndverk, þar sem ýmist er teygja á orðunum og þau dregin sundur eða þeim er þjappað saman í meira og minna óskiljanlegan orðaflaum, sem verður eins og niður með ákveðinni hrynjandi. Sem dæmi um hljóðskúlptúra Magnúsar má nefna sýninguna *Varla...*, sem haldin var í Nýlistasafninu í janúar 1994. Þar voru sýndir þrjú raddskúlptúrar eða rjóður, sem sámin voru fyrir fjóra lesara og borð, þar sem nafn verksins var áletrað með notuðum sápostykkjum á borðplötuna. Leikararnir stóðu umhverfis borðin og fluttu verkin með samlestri. Textarnir voru að hluta til fengnir úr ýmsum áttum og að hluta til frumsamdir. Erfitt er að lýsa áhrifum þessara verka, þar sem þau eiga sér vart

**CH En þú getur líka orðað það á hinn veginn að þetta sé eins mikill hundur og hinir. Hvað um fötin, kjólana sem voru að detta í sundur? Þú valdir þá sem litu verst út og verkið hét „Bestu stykkin“.**

MP Þetta voru skúlptúrar úr fötum, hertir með limi og málningu og öllu sem gat orðið hart, en að þeir voru tómir hafði svolitíð að gera með jákvætt og neikvætt rými í huga mínum.

**CH Eru þeir eitthvað í sambandi við umkomuleysi hlutarins sem ekki er lengur neitt?**

MP Já, ég held þeir hafi verið fyrir mér könnun hve ljótir hlutirnir geta orðið, hve vesælir og langt frá hinni hefðbundnu hugmynd um feegurð en verið samt eitthvað. Þeir fengu nafn og var raðað eftir eftir því hvað þeir voru ræfilslegir, ég raðaði þeim ekki heldur einhver annar. Frá besta stykkinu og næstbesta stykkinu til tuttugasta besta stykkisins. Síðan bjó ég til önnur stykki þar sem ég fékk hvítan læknaþopp, jakka og buxur og fyllti með gísi á gólfinu og eitt þessara stykkja setti ég á gólfið upp við vegginn svo að það bagnaði svona. Þetta eru ljótustu stykki sem ég get hugsað mér.

**CH Þú gerðir líka innsetningu, „Til minningar um vin“, þar sem hljóð eða öllu frekar hávaði var hluti af þessari umhyggju fyrir umkomulausa hlutum.**

MP Innsetningin, sem þú minnst á, er um um mjög góðan vin minn sem dó óvænt og ég saknaði mjög mikið svo að mig langaði til að gera um hann minnimerki. Hann var óvenjulegur maður, bráðgáfaður, myndi ég segja. Mig langaði til að lýsa honum, þetta var 1982, svo að í þessu verki hvarf eg aftur til fyrri tíma, því að tiltölulega nákvæmt og kyrrlátt verk, sem ég var að vinna að á þessum tíma, passaði ekki við skapgerð hans. Þessi innsetning er hörð og hávær og ekki falleg. Ég er ánægður með hana en hún er ekki falleg.

**CH Hvernig ferðu að þegar þú setur þetta upp?**

MP Ég hef aldrei gert það, þetta hefur verið sýnt einu sinni eða tvisvar, sú upprunalega fyrst á Akureyri. Ég var ekki þar. Ég sendi bara leiðbeiningar og þeir gerðu þetta mjög vel. Seinna var hún sýnd á Listasafni Íslands í Reykjavík. Svolitíð ólík innsetning í hvort sinni.

**CH Var hún mjög hávær?**

MP Já, ryksugur, hrærivélar og fleira í stil við það, allt í gangi samtímis, útvarp, nokkrar háþurrkur. Ég kallaði verkið: „Í minningu vinar sem át hús á Akureyri og spilaði blús á sköflung sinn“.

**CH Heldurðu að þessa afstöðu til efnisins megi rekja til Flúxus-stefunnar?**

MP Ég veit ekki með Flúxus, en það er að einhverju leyti runnið frá árunum upp úr 1960.

**CH Finnst þér ekki það tengjast þér persónulega jafnmikið og ákveðnu tímabili?**

MP Mjög sennilega en það var þessi endurstökkun hugmynda upp úr 1960 þegar listamenn notuðu efni sem aldrei fyrr voru nefnd, efni sem ekki hefðu verið talin koma til greina svo sem tveimur árum fyrr eða svo. Breytingarnar urðu svo snöggar og stórbrotnar. Ég gæti sem best verið barn þeirra.

**CH Það er önnur hlið á list þinni, þú notar orðið „gosalegur“. Ég held að mætti tala um „barok“-hlið á verkom þínum, ofhlæði stundum með keim af efnislegum undirstraumum efnisins, að ekki sé nefndur súrrealismi. Heldurðu að verk þín sýni tengsl við starf þitt í leikhúsinu og reynslu þína sem sviðsmyndateknara?**

MP Ég held að það, sem þú ert að tala um, sé einhver eyðslusemi, eitthvert gróft bruðl, sem birtist sem örlæti í að demba inn heilmörgu og skapa einhverjar andstæður, ef til vill einhverja spennu. Og fyrst þú nefndir leikhúsið, auðvitað held ég að ég kunnist að meta leikhúsið fyrir ofhlæði þess en hins vegar vildi ég



demba fjölmörgum hlutum inn í leikhúsið, sem ekki eiga þar heima, vegna þess að mér þykir leikhúsið allt of náttúralískt, allt of útspekúlerað og konstrúerað sem hreinlega gengur af því dauðu. Það er verið að drepa leikhúsið með eftirlíkingarnáttúralisma og smæð, þetta er vandamálið í leikhúsinu en allir möguleikarnir, allt ríkidæmi leikhússins upptendrar mig og ég verð að reyna að bylta því, veita því þá auðlegð sem mér finnst það verðskulda.

**CH Kannski er barokkið þá svolítið hugsjónasnaut?**

MP Já, þetta er góður punktur, því að í barokkinu er einmitt þetta gljósandi, sundurgerðarlega yfirborð en á bak við er allt ruslið.

**CH Og það er ekkert leyndarmál að ruslið er á bak við.**

MP Já, barokkið er svolítið siðferðilega siðlaust, það hefur þetta tvöfalda viðhorf sem einnig innspírerar mig.

**CH Þú nokkuð margt af nýjstu list hefur vissa leikhúsdætti, ég gæti nefnt nokkra listamenn. Hvað finnst þér um þegar slíkir tilburðir koma inn í myndlistina?**

MP Fyrri störf mín við leiktjaldagerð hreinlega skáka mér út úr verkunum sem þú visar til. En það gæti verið persónuleg meinloka mín. Ég hef auðvitað mikið velt fyrir mér gildi leikmyndagerðar og hvaða stigafjöldi hún hefur innan listarinnar, ef svo má komast að orði.

**CH Það er svo mikil málamiðlun, umsvif og peningamál í kringum að setja listaverk á safn að það verður algjörlega bundið ákveðinni stund, það verður leikhúsverk.**

MP Já, þetta má skilja sem andstæða hneigð, því að við blasir að fyrir tuttugu, þrjátíu árum var listin einmitt með vitund og vilja tekin úr söfnum og sýningar söllum og út á götum þar sem engin leið var að hafa gerviubúnað.

**CH Þú hefur unnið að mörgum, ólíkum hlutum, húsgögnum, leiksviðsteikningum, höggmyndum, raddljóðum, bókum, teikningum, performönsum, þú hefur skrifað leikrit, kennt, gefið út. Hvernig lendir maður í slíkri fjölbreytni?**

MP Þetta hefur verið eðlilegur gangur mála. Einhvern tíma á ævinni hef ég sennilega fundið hjá mér hvöt til að leggja eitthvað til málanna á einu sviði og síðan á öðrum tíma eitthvað annað á öðru sviði og svo framvegis.

**CH Hvað segirðu um það að listin hafi öðlast visst frelsi á okkar tímum?**

MP Já, þetta frelsi höfum við fengið fyrir blóðuga byltingu um áratugi. Listin hefur snúið baki við atvinnumenskunni, listamenn hafa snúið baki við að vera atvinnuáráttarar að gera sama hlutinn vel alla ævi. Að læra smám saman að gera fágæð málverk af mikilli leikni. Við höfum barist fyrir réttinum til að vera listamenn á okkar eigin hátt, að þurfa ekki að vera atvinnumenn, að fá að vera áfram áhugamenn.

**CH Hvers konar leikni er þá um að ræða?**

MP Ef maður vinnur alla ævi með huga sínum og tilfinningum þá fæst viss leikni í að tjá sig á mismunandi sviðum, tilfinningalega og vitsmunalega, á hvaða sviði sem maður kysir í það og það sinn og þetta er leiknin sem maður eflir með sjálfum sér.

**CH Heldurðu að listin sé endanlega að snúa baki við handverkinu?**

MP Já, ég held það. Það er ekkert athugavert við að öðlast leikni í höndunum en ég set vitsmunabroska í fyrirrímið. Menn læra auðveldlega að vinna með höndunum.

**CH eru þetta ekki í grundvallaratriðum þær tvær stefnur sem skerast um þvert í listkennslunni? Hugmyndin að listaskólinn miði að því að þjálfa handbragðið og hins vegar hugmyndin að hafi tilfinningar og vitsmunir þroskast þá sé auðvelt að leggja í einhver þau verk sem þarf handlagni við?**

MP Þetta eru þeir möguleikar sem listamenn hafa skapað sér og ef einhverjir listaskólar eða listastefnur vilja hverfa frá þessari dásamlegu aðstöðu, sem hefur skapast, þá er það vegna einhverra þjóðfélagslegra þarfa, einhverra ytri þarfa sem hafa mótast í þjóðfélaginu en ættu ekki að vera þar.

**CH Nú, þegar farið er að draga í efa framfarir og „það nýja“ í listinni, þá er ef til vill hlutverk listarinnar þessa stundina að varðveita hið gamla?**

MP Hvað sem menn segja um gildi nýjunganna þá halda áfram að koma fram nýjungar.

**CH Þú komst á fót nýlistadeild við Myndlista- og handiðaskóla Íslands 1975 og varst þar til 1982 og síðar um skemmi tíma eftir það. Hvað telur þú mikilvægasta þáttinn í sambandi kennara og nemanda?**

MP Mikilvægust er tilfinningin um velvild og vináttu og ég held að mikilvægasti hlutur kennarans sé uppörvunin. Vináttu innan hópsins skiptir einnig miklu máli.

**CH Hefur þú trú á því að gagnrýna verk nemandans?**

MP Ég held að það versta í kennslunni sé að gagnrýna nemendur og segja að þeir verði að vinna verk eftir höfði kennarans. Kennslan er einn samfelldur performans, eins og Robert Filliou sagði, og í hvert skipti sem kennari stendur frammi fyrir nemendum er hann á sviðinu og verður að reyna að láta nemandann koma einnig fram á sviðið í stað þess eins að hlusta. Það skiptir gríðarlega miklu máli að fá nemandann til að trúá því að hann geti skilað góðu verki enda getur hann það alltaf hreint.

**CH 1982 fluttirðu fyrirlestur í Ósló „Kunst og Undervisningskunst“, – List og kennslulist – þar sem þú talaðir um þá glímu sem það væri að kenna list.**

MP Það er hrein list að skipuleggja verkefni með nemendum sínum, þar er listamaður að beita myndunaraflni sínu til að skapa forskrift að listaverki. Það er ekki nein uppeldisfræðitilfinning, það er einfaldlega tilfinning listamannsins sem vinnur með öðrum listamönnum að listrænu verkefni.

**CH Listkennsla er næstum því feimnismál, það eru mjög litlar umræður um hana. Hvað kemur til?**

MP Þetta er allt ómeðvitað. Maður er að hjálpa fólki að skilja sjálft sig, oft og tíðum án þess að færa hugsun eða aðferð í orð.

— Ég held að ég hafi aðallega verið að reyna að láta menn hafa nóg að starfa án þess að segja þeim beint að gera hlutina, vekja áhuga þeirra á að gera eitthvað sem var kannski stundum ótengt eða mjög lítið tengt listaskólastofu eða list.

**CH Hvað heldurðu að yrði ef ekki væri litíð niður á kennslu?**

MP Ég held það yrði til bóta, já, ég er viss um það, og það ætti að lita almennt á kennslu í skólum sem list. Ég þekki marga kennara, sérstaklega kennara sem kenna litlum börnum, það er hrein list sem þeir eru að fást við hvort heldur þeir eru að kenna börnum að lesa, smíða eða átta sig á náttúru hjólsins. Reglulega góðir kennarar eru hreinir listamenn.

**CH Heldurðu að listaskóli geti lagt eitthvað af mörkum til stöðu listarinnar. Er hægt að fá fram góða listamenn í góðum listaskólum?**

MP Já, eins marga og menn vilja. Góður listaskóli getur útskrifað hve marga listamenn sem vera skal.

— Það kann að vera mikið komið undir tilviljun en ýmsar mikilvægar aðstæður eru ekkert endilega skapaðar af einhverjum vissum manni heldur af aðstæðum á ákveðnum tíma. Sumir hafa ef til vill af tilviljun verið á vissum tíma í vissri örlagastöðu sem hefur haft þann mátt að kalla fram list eða listamenn. Stöðu sem hefur kveikt sköpunarmáttinn í brjósti þeirra sem svo vildi til að voru þar. Auðvitað hafa þeir menn þá verið búnir einhverjum þeim andlegu þáttum sem gerðu að aðstæður gátu nýst þeim.

— Þegar tilfinningin um vináttu milli manna hverfur úr listinni þá er eitthvað glatað. Við töluðum um örlætið í samskiptunum, um samvinnu listamanna sem gefa og þiggja, við getum samt sem áður ekki horft fram hjá þeim sem einangra sig, sem geta ekki eða vilja ekki taka þátt í þess háttar samstarfi að gefa og þiggja hugmyndir og skapandi innblástur. Þeir bestu þessara listamanna eru samt mjög örlátir því að þeir gefa af mikilli rausn jafnvel þótt þeir skapi verk sín í einrúmi. En listamenn eru of niskir á athugasemdir og hrós um verk annarra.

**CH Það er ef til vill sjálfbirgingsháttur okkar tíma að allir vilja vera frumkvöðlarnir, viðtakandinn nýtur engrar virðingar og það kemur listinni í koll. Það verður að endurmeta þættina að skapa og taka við, því að þarna er bani listarinnar.**

MP Já og það hefur að vissu leyti dregið listina til dauða ef hún er þá ekki dauð vegna þessarar vanrækslu.

**CH Hefurðu alltaf horfið aftur að vinnu við bækur á einhvern hátt? Hefur breyst afstaða þín til bókarinnar sem hlutar?**

MP Nei, ég held ekki hún hafi breyst. Menn hafa samið langar kenningar um bækur listamanna og um bókina sem hlut, sem skúlptúr. Ég hef aldrei snúið mér að bók með neinu kennisatningaviðhorfi eða útgangspunkti. Ég hef bara verið hrifinn af þess háttar bók. Mér hefur þótt hún nógu absurd, bók listamanns, sem ekki er skrifuð á venjulegan hátt, er mjög merkilegur hlutur sem mér þykir oft fallegur.

**CH En var ekki kennsluverkefnið „Bók um bók og fleira“ algjörlega byggt á umræðum um eðli bókar?**

MP Jú, það má vera, en það var ekki alvarleg greining á hlutnum bók, það var gáskafull könnun á bókinni og svo listaverk.

**CH Um stundarsakir hafðirðu frekar áhuga á skúlptúrþættinum í bók listamannsins.**

MP Ég veit ekki hvort viðhorf mín hafa breyst. Ég geri ráð fyrir að „Pappírsást“ hafi orðið til vegna þess að mér leist vel á að búa til bók sem að innihaldi væri skúlptúr. „Automobile“ átti hins vegar til þess að segja sögu bílsins á nýjan hátt til að gefa upplýsingar um bílinn á nýjan hátt.

**CH Þegar maður flettir síðunum fær maður upplýsingar um efnið í sinni réttu mynd.**

MP Já, það eru upplýsingar sem aldrei væri hægt að skrifa. Þetta eru á sinn hátt fyllri upplýsingar en skrifuð lýsing á dekki, að nokkru ná þær ekki eins langt og skrifaður texti en að öðru ná þær mun lengra.

**CH Þú hefur haft þinn hátt á að snúa þér að efninu, visst raunsæi, að teygja þig eftir því hvikula, eftir ljóðinu. Með því að nota áþreifanlegra efni ertu að gripa á einhverju sem er býsna langt frá efninu.**

MP Þannig hefði ég ekki orðað það en ég skil hvað þú átt við þegar þú segir þetta. Ef svo er þá er það ekki af ásetningu. Þetta er gert af tilfinningu, ekki af ráðnum hug.

**CH Í list þinni, og jafnvel í íslenskri list, svo að farið sé nú út í alhæfingar, virðast óáþreifanleg hugtök geta birst í annarri mynd. Þú hefur snúið timanum í fast efni, sorginni í efni, ljós var sett í kommóduskúffu.**

MP Segja má kannski að venjulega sé það skúlptúr sem leiði af sér tilfinningu. En hér erum við að tala um tilfinningu sem leiðir af sér skúlptúr — það aðgerðin í öfuga átt — er það skiljanlegt?

**CH Kannski breyting efnisins í listaverk sé einnig tengd hugsjónalandi sjöunda áratugarins og því þegar hafnað var aðgreiningu listgreina?**

— **Hvernig er sagan um Bakkabræður?**

MP Hér er vísað til gamallar þjóðsögu um Bakkabræður, heimsku bræðurna þrjá, sem byggðu sér hús en gleymdu að hafa glugga svo að inni var koldimmt. Þeir fóru út, tóku af sér húfumar og báru þær inn fullar af ljósi til að fá birtu í húsið. Þetta verk var gert þeim til heiðurs fyrir afrekið að bera ljós í húfum sínum inn í dimmt hús; þetta var sýnt með kommóduskúffu. Maður opnar skúffuna, fyllir hana af ljósi og lokar henni síðan til að geyma í henni birtuna — hugmyndin að maður geti raunverulega gripið ljósið með höndunum, tekið það upp.

**CH Þetta er kannski hluti af svarinu hvers vegna þetta kemur upp í íslenskri hugsun.**

MP Finnst þér þetta vera eftir íslenskum hugsunarhætti? Kannski er þetta eitthvað í sambandi við þjóðsögur, álfasögur, fyrirbrigði sem lifa góðu lífi í íslenskri menningu enn þann dag í dag. Þetta er að sjá heiminn frá öðru sjónarhorni eins og að gera vatn fast og snertanlegt á annan hátt, gera loftið fast. Í verki sem heitir „Flæðarmál“ hef ég gert sjóinn fastan svo að ég get tekið hann upp og litið á neðra borðið á honum af því að mig langar til að sjá hann frá öðru sjónarhorni. Mig langar til að sjá hann að neðan því að ég get annars aldrei séð hann þaðan. Ég veit ekki hvernig hann lítur út, ég veit ekki hvað hann er. Aðrir hlutir eru í ætt við þetta, að sjá neðra borðið af loftinu sem liggur ofan á jörðinni.

**CH Þessar myndbreytingar má sjá sem óvænt tengsl tilfinningar og hugsunar sem vikka hugann og gera hann frjálstari.**

**CH Verkið „Edduleikir“ snerti ættfræði, geturðu sagt okkur eitthvað meira um þetta áhugamáli?**

MP Ég hef mikið legið yfir Eddu og notað efni úr Eddu í mörg verk. Mér þykja þessar sögur svo heillandi, einstakar sögur, sumar úr goðafræðinni svo sem fjöturinn sem lagður var á Fenrisúlfi. Fjöturinn var úr skeggi konunnar, dyn kattarins og fuglshráka. Þetta kann ég reglulega að meta.

**CH Þetta gæti verið enn eitt dæmi um óljóst ástand hlutanna.**

MP Ég held ég hafi lært heilmargt af sögum eins og þessari. Mér finnst líka heillandi sagan um uppruna fiskinetsins. Loki, þorparinn meðal goða, breytti sér í lax til að forða sér þegar goðin vildu refsa honum. Hann brenndi netið, sem hann fann upp þegar hann hugleiddi hvernig mætti ná honum úr ánni, en goðin sáu af fólkskvanum í öskunni hvernig það hafði verið. Þannig varð netið til. Þessar myndir eru svo hvikular, þær eru næstum ekki þarna, þær eru loftkenndar, fjöturinn er ekki þarna, þetta er stórkostlegt.

**CH En hvað kemur til að þú tekur upp ættfræði?**

MP Af því að ættfræðin í Eddu er svo óhöndlandi, hún fer fram og aftur og er kolrugluð og þetta yfir undir hugmyndaflugnið. Til dæmis eru Þór og Jörðin börn Óðins. Óðinn giftist Jörð, dóttur sinni. Saman gátu þau Þór og Jörð, sem Óðinn giftist til að geta Þór og Jörð aftur og aftur um aldir. Ef maður vill skilja þetta þannig. Ég gæti gert mér endalausar hugmyndir um þetta og þess vegna bjó ég til öll þessi ættartré.

**CH Ljósmyndir af verki þínu „Njálsbrennu“ sýndu það í íslensku landslagi. Var þetta verk tengt raunverulegum stað atburðanna?**

MP Já. Nú fer þetta verk á safn svo að ég fór á staðinn með vini mínum, sem er ljósmyndari, og við tókum myndir á degi og stund atburðarins, 23. ágúst í dögum milli klukkan 5 og 6 að morgni. Ég veit ekki hvort dögum merkir birtingu eða sólarupprás. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á Njáls sögu og hef marglesið hana. Ég les hana um það bil annað hvert ár. Einar Pálsson, goðsagnafræðingur og sérfræðingur í

miðöldum, kom með djarfar hugmyndir um Njáls sögu og landnám á Íslandi sem urðu mér uppspretta hugmynda og vöktu jafnvel hjá mér enn meiri áhuga á sögunni því að verk Einars eru stórkostleg, reglulega stórbrotin einnig sem bókmenntir. Þetta eru dýrðlegar bækur, ályktanir hans og allt svo skáldlegt sem kemur þar fram.

**CH Þú hefur fengist við mál teiknimynda í síðari verkum þínum eins og „De kommer med kista og henter meg“ og „Augustus! My God, I have it“**

MP Ég hef fundið mikla fegurð í máli teiknimyndasagna. Þetta bófamál er mjög sérstakt og svolítið öðru vísi bófamál en hjá Raymond Chandler og Dashill Hammit, sem ég hef kunnað að meta, og hjá Mickey Spillane.

**CH Geturðu skýrgreint muninn?**

MP Tungumál klassískra glæpasagnahöfunda er staðbundnara, tengdara ákveðnum svæðum, held ég, og í rauninni miklu nær hinu raunverulega tungumáli en mál teiknimyndasagnanna sem ég veit ekki hvort þekkest annars staðar en þar. Ég held það sé frekar sérkennandi fyrir teiknimyndasögur en nokkurt ákveðið málsvæði.

**CH Hvaða fegurð býr í því máli?**

MP Það er svo stutt, það er símskeytamál því að það verður að vera svo nákvæmt. Svo mikið þarf að komast fyrir í blöðrunni og það fylgir myndinni sem gefur því sérstakan blæ. Ég veit ekki hvort tungumál teiknisögunnar skildist ef það væri skilið frá myndinni, það er efamál að menn skildu það þá lengur.

**CH Hvað vannstu svo úr því?**

MP Ég gerði úr því glundroða og glymjanda. Mig langaði til að sjá hvað gerðist ef þetta mál væri tekið og gerður úr því glundroði, margir látnir tala og yfirleitt samtímis svo að menn gætu ekki reglulega áttað sig á því hvað sagt væri. Ég skrifaði heilt leikrit á þessa leið og hafði í rauninni ekki hugmynd um hvernig það myndi koma út á sýningu. Ég var heilan vetur að þessu.

**CH Ég man eftir sýningunni „Þeir eru að koma með kistuna“ sem var bráðfyndin en enginn gat hlegið.**

MP Ég býst við að það þurfi mikla einbeitingu og fólk verði þreytt eftir einn klukkutíma á henni, reglulega úrvinda.

**CH Hvernig fer hún með heilann í manni?**

MP Það veit ég ekki. Ég hafði áhuga á samtímis tali. Ég bjó til annað verk, „Útlinur barns“, fyrir fjóra hátalara og fjórar raddir sem flytja ólíka texta með ólíku innihaldi, allt samtímis, og sá sem stóð mitt á milli hátalaranna gat alls ekki skilið hvað sagt var.

**CH Langar þig til að standa við mörk hins skiljanlega eða gerirðu þig ánægðan með að hafa bara hljóð?**

MP Já, ég var nokkuð ánægður með það óskiljanlega, hvernig það hljómaði, ævintýrið, af því að ég vissi ekki hvað myndi gerast. Mig langaði til að heyra mikið af því til að skynja hvernig heilinn brygðist við, hve mikið væri unnt að skilja af glymjandanum. Músíkþátturinn var líka mikilvægur, náttúruleg hrynjandi málsins. Ef maður situr eða stendur og hlustar um stund á glymjandann og skilur ekki neitt þá verður maður hundleiður á honum, hann er skelfilega þreytandi. Smám saman fer heilinn að ná hrynjandinni sem er þarna og fer að heyra út úr henni eins konar tónlist.

**CH En í „Þeir eru að koma með kistuna“ fannst mér það gott að maður var ekki skilinn eftir með neina venjulega merkingu, það var önnur og undarlegri merking sem skilaði sér.**

MP Hver texti um sig í „Útlinum barns“ hefur innihald; einn er um einstök atriði í húsi frá Viktoríutímanum, nákvæm lýsing hlutanna, annar um brúðarkjól sem var skorinn í hengla, þriðji um unga konu með áhuga á kynlífi og sá fjórði feikilega aulaleg grein um stjórnmál.

**CH Finnst þér það hvernig þú notar málið úr teiknimyndasögum vera í stil við önnur verk þín þar sem hugtök eru að breyta eðli sínu, að þessi orð úr teiknisögunum séu að flytjast yfir í tónlist eða hið sjónræna? Í þeim skilningi að handrit þín að þessum hljóðverkum eru mjög svo sýnileg og hafa sum hver verið gefin út sem myndverk.**

MP Ég get ekki sagt til um hvort svo er. Það er nokkuð sem ég legg ekki viljandi í þetta. Þessi hljóðverk hafa þróast frá glundroðamáli yfir í skipulagðara mál með hrynjandi en eru enn nokkuð tilviljanakennd og full óreiðu. Ég er ekki enn orðinn nógu góður í hrynjandinni og tónlistinni í hinu talaða máli.

**CH Þú hefur skrifað þessi verk á ýmsum málum.**

MP Já, en upp á síðkastið hef ég unnið með íslensku. Því meira sem maður kemst inn í tungumál því vænna þykir manni um það og verður bundnari því og hefur minni hug á að fást við önnur mál.

**CH Hvaða tungumál notaðirðu í „Eyetalk“ þar sem þú sýndir texta í sjónvarpi með tvær raddir í hátölurum?**

MP „Eyetalk“-er samklipptur texti með amerísku gangstermáli. Mér skilst að bófarnir, bófahverfin í stóru

borgunum eins og Chicago, Los Angeles, hafi eigið tungumál. Það er mjög tjáningarríkt í stuttu formi; nákvæmni í hugtökum og ímyndunaraflið eru undirstaða tungunnar. Þeir hafa orðasambönd sem aðrir skilja ekki.

**CH "I'm going to off you", drepa þig, það var í "The Offs", hefurðu fleiri dæmi?**

MP "Slip him a mickey", gefðu honum eitru. Ég ætla ekki að þykjast einhver sérfræðingur í amerísku slettumáli. Innfæddir myndu hlæja að mér. Ég get aðeins haft skemmtun af því og notað það sem útlendingur.

**CH Minnir þetta mál þig á einhvern hátt á fornislensku?**

MP Á vissan hátt því að það er svo stutt og nákvæmt. Það er skáldlegt án þess þó að leitast við að vera skáldlegt. Eins og í máli Íslendingasagna þekkest þar hvorki já né nei. Þau orð eru ekki til og bófamálið þarf þeirra ekki. Ég meina, ef spurt er spurningar er allt eins svarað út í hött eða kannski með „ókei“. Svarið hefur hvorki já né nei, ekki til að fela meininguna eða vera þokukennt. Þetta er líkara því að skiptast á skotum, eins og skotbardagi. Ég hugsa að þeir tali eins og þeir skjótast á með byssum.

**CH Þetta er úr "Eyetalk": "I could see that she was sorry too, she handed me a deck of butts and I pocketed them".**

MP Já. "Eyetalk" var allt um að reykja sígarettur en jafnframt gerist eitthvað í því. Einhver situr í bil og bíður eftir því að einhver slökkvi ljósin, bíður alla nóttina, reykir þrjá pakka af sígarettum og gefst síðan upp, "ramming the car into gear and plowing out", — „rekur bilinn í gir og plægir út“ — þeir tala um að „plægja út“, það er fallegt, ekki satt?

**CH Á myndbandinu hallaðirðu þér aftur á bak.**

MP Já, ég hallaði mér aftur á bak svo að það sást aðeins á mér barkakýlið, nefið og hakan. Ég var búinn að raka af mér skeggið — nei, ég var ekki að reykja. Ég flutti aðeins þessa texta og kyngdi af og til. Svo að aðalleikarinn í forgrunni var barkakýlið á mér og í bakgrunni holræsið í Lundúnum.

**CH Í öðrum verkum hefurðu notað vinsæl sönglög.**

MP Það er af aðdáun minni á sakleysinu, minnimáttarkennd mín gagnvart þessu sakleysi. Ég kann vel við hluti sem eru ósvikið barnalegir eins og alþýðulist, þú skilur. Ég kann vel að meta sumt kitsch, einfeldningslegt, einlægt, ósvikið kitsch. Ég sagði þér að ég hef stundum höfðað til barnalega smekksins til þess að fullnægja vissri einfeldni. Ég hef gert verk sem gott, hrekklaust — ég meina ekki heimskt — einlægt, fallegt, barnalegt fólk eða börn myndu kunna að meta. Ég hef unnið mikið með börnum, ég var að kenna börnum mörg ár, það var upp úr 1960. Ég naut þess, við þjuggum til mörg verk saman, stór verk. Ég vann alltaf á sama hátt og þau.

Já, ég hef líka notað vinsæla söngtexta. Í einu verkinu er notaður vinsæll texti „Segð' ekki nei, segðu kannski, kannski, kannski“, þessi texti myndar ósýnilegan vegg sem lokar af horn í herberginu. Í öðru verki á þessari sýningu er vinsæll texti um Bjössu á mjólkurbílnum sem allar stelpur í sveitinni elska.

**CH Hvernig verður þetta verk á sýningunni?**

MP Þrjár skúlptúrar úti, t.d. mjó bronsræma, hálfur annar metri á lengd, rekin til hálfis niður í jörðina, með þennan texta upphleyptan: „Hver ekur eins og ljón með aðra hönd á stýri? Bjössu á mjólkurbílnum, Bjössu kvennagull“

**CH Þú vannst með pönkara-hóp í Norrköping 1982.**

MP Já, þeir kölluðu sig "The Anti-Society League" – Andfélagslegu samtökin – þeir voru sextán ára. Hópurinn hafði ýmis nöfn. Þeir skiptu um fót þrisvar á dag og nafn á hljómsveitinni einu sinni í viku eða svo.

**CH Eitt lagið þeirra var "Sorry".**

MP Annað var „Belsen was a gas“, mjög þungur, dramatískur texti.

**CH Í einu fyrri verka spilaðirðu tónlist eftir Chopin fyrir hóp af fólki sem sat á gólfinu í herbergi og gerðir negatíf mót af fólkinu og veggnum á ákveðnu andartaki. Á tónleikum hjá Anti-Society League þá stoppaðirðu tónlistarmennina þegar tónlistin stóð sem hæst til að gera í það sinn enn dramatískari steypu af herberginu með hlutum í því og nokkrum útlinum hljóðfæraleikaranna. Fannst þér að gipsið væri tónlistin efniskennnd og verkin tvö væru í grundvallaratriðum ólík í tilfinningu sinni fyrir tónlist?**

MP Hugmyndin í báðum verkunum var að fylla herbergið af gipsi eins og efnisgerðri tónlist. Það kom þannig út að verkin eru að útliti verulega ólík en ég var ekki að reyna að túlka tilfinningu tónlistarinnar í lögum gipsins, formin voru tilviljun og reðust af aðstæðum. Það er aðeins í nafninu að maður fær ólíka tónlistartilfinningu í verkunum tveimur. Í báðum tilvikum var gipsaða rýmið tekið upp og flutt á annan stað.

**CH Verkið í Norrköping var tekið niður í lok sýningarinnar. Hafa fleiri verk horfið?**

MP Fyrir og upp úr 1960 var ég að vinna úr mjög brothættu efni. Ég málaði báðar hliðar á einangrunarplasti. Síðan notaði ég þynni til að fjarlægja plastið svo að aðeins málningarhúðin eða límið, eða hvað það nú var, yrði eftir, mjög brothætt. Þetta voru skúlptúrar, það gátu verið nokkur litsterk lög máluð

alveg slétt, plastið var horfið svo að þau hingu í lausu lofti á vírum. Ég gerði nokkur slík verk en ekkert þeirra hefur geymt.

**CH Manstu eftir öðrum verkum?**

MP Já. Upp úr 1960 bjó ég til lítil módel af „sitúasjónum“ úr alls konar efni, margs konar undarlegum kringumstæðum, þau voru í plastboxum. Þessi módel sendi ég í galleri í Düsseldorf, þeir ætluðu að kaupa þau en ég pakkaði þeim svo óhönduglega að þau eyðilögðust öll á leiðinni. Eitt þeirra komst alla leið og það er myndin af Dorothy Lannone úr eldspýtnastokkum og öðru dóti. Það á að verða á sýningunni, vona ég.

**CH Í nýjasta rjòðri þínu, „Varla“, í Nýlistasafninu í Reykjavík í vetur þá skrifaðirðu orð með gamalli sápu. Hvers vegna valdirðu sápu í þetta rjòður?**

MP Ég hef safnað gömlum sápuþykkjum af mikilli natni, hugsað um þau í tólf ár, geymt þau. Ég kann að meta gamla sápu. Mér finnst hún falleg og þó nokkuð dramatísk. Hvert sápuþykki á sína sögu, stundum getur maður séð ólíkt fólk í mismunandi sápuleifum, hvernig menn bera sig til við sápu sína. Hún er í grundvallaratriðum mjög snotur, svolítið músikölsk, sápa er músikölsk, hún er stundum svolítið gagnsæ, getur verið mjög brothaett, fallega sköpuð og með þennan ilm. Ég veit ekki hvers vegna ég kaus að vinna með sápu, safna sápu eða tengja sápu við raddljóð.

Magnús Pálsson	fæddur á Eskifirði 25.12. 1929		
4, Mile End Place	born 25.12. 1929 in Eskifjörður	1992	Helstu samsýningar/Joint exhibitions:
London E1 4BH, England		1990	Skulpturparken, Gautaborg/ Gothenburg
			„Nordisk 60-tal“, Listasafn Íslands/National Gallery of Iceland, ferðaðist um Norðurlönd/travelling exhibition in Scandinavia
	<b>Menntun/Education:</b>	1990	Nýlistasafnið, Listahátíð í Reykjavík „Fyrir utan garð og neðan“/“Outside and beneath the gardens“, „Draumar annarra“/“Other people’s dreams“, raddskúlpúr/voice sculpture
1948	Stúdent/Matriculation		
1949-1951	The Crescent Theatre School of Design, Birmingham, England		
1953-1954	Handiða- og myndlistaskólinn, Reykjavík/Icelandic College of Art and Handicraft, Reykjavík	1989	Mob shop IV, Viborg Teater, Malmö Konsthall, „At blive trukket op over maven eller brystet“, performans/“To be pulled up over the stomach or the chest“, performance
1955-1956	Akademie für angewandte Kunst, Wien/Vienna		
	<b>Einkasýningar/Solo exhibitions:</b>	1988	Nýlistasafnið 10 ára í Listasafni Íslands/The 10th Anniversary of the Living Art Museum, exhibition at the National Gallery, Reykjavík
1994	„Magnús Pálsson“, yfirlitssýning, Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir/“Magnús Pálsson“, retrospective, Reykjavík Municipal Art Museum, Kjarvalsstaðir	1987	Galerie Zona, Flórens; alþjóðleg sýning á bókverkum/international exhibition of artists’ books
1994	„Varla...“, 3 rjóður/“Almost never...“, 3 clearings, Nýlistasafnið/The Living Art Museum, Reykjavík	1987	„Liteartura“, Kunsthallen Brandts Klædefabrik/Brandts Klædefabrik Art Centre, Odense
1993	„Enginn gleypir sólina“, raddskúlpúr/“No one swallows the sun“, a voice sculpture, Galleri 11, Reykjavík	1986	Sýning í Helsinki með verkum völdum af Nordisk Konstcentrum, Sveaborg/Exhibition in Helsinki of works selected from Nordic Art Centre
1993	Galleri Gangur, Reykjavík	1986	Galleri Gangur, Reykjavík
1990	„Prættubálkur“, hljóðskúlpúr fyrir 18 flytjendur/voice sculpture for 18 voices, performans/performance, Nýlistasafnið og Borgarleikhúsið/The Living Art Museum and the City Theatre, Reykjavík	1985	Háskólinn í Ulm, Þýskalandi, alþjóðleg sýning á bókverkum/Ulm University, West Germany, international exhibition of artists’ books
1988	Galleri Birgis Andrésónar	1985	„Konst i Norden 1945-1980“/“Art in the North“, Nordisk Konstcentrum/Nordic Art Center, Sveaborg
1986	„Kennsla og kennsla sem listgrein“/“Teaching: The Craziest Branch of Art“, Nýlistasafnið/The Living Art Museum	1985	„Borealis 2“, „Þjóðsagan af Moraga“/“The Moraga Legend“, raddskúlpúr með 10 röddum í hátölurum/voice sculpture for 10 voices in loudspeakers, Henie-Onstad, Kunstsenter/Museum, Hövikodden, Noregur/Norway
1986	„De kommer med kista og henter meg“, leikhúsværk hjá Stúdentaleikhúsinu/“They’re bringing the coffin to get me“, a play, the Student Theatre, Reykjavík	1984	„Iceland: The Art Revealed“, Franklin Furnace, New York
1986	„Madame President“, performans/performance, Henie-Onstad Kunstsenter, Hövikodden, Noregur/Norway	1982	„Musik“, Norrköpings Konstmuseum, Norrköping, Svíþjóð/Sweden
1985	„De kommer med kista og henter meg“, performans/“They’re bringing the coffin to get me“, performance, Henie-Onstad Kunstsenter, Hövikodden	1982	Galleri Gangur, Reykjavík
1985	Galleri Gangur, Reykjavík	1980	„Experimental Environment“, Korpúlfsstaðir, Reykjavík
1984	„Augustus! My God, I have it!“, performans/performance, Franklin Furnace, New York	1979	„Iceland“, Galerie Zona, Flórens, á vegum Galleri Suðurgata 7/on behalf of the Galleri Suðurgata 7
1984	„Kennsla: geggjaðasta listgreinin“/“Teaching: The Craziest Branch of Art“, á Listahátíð í Reykjavík, Nýlistasafnið/the Reykjavík Arts Festival/The Living Art Museum	1979	„Bradford Printbiennale“, Englandi
1982	„Í minningu vinar sem át hús á Akureyri og spilaði blús á sköflung sinn“/“In memory of a friend who ate a house in Akureyri and played blues on his tibia“, Rauða húsinu/the Red House, Akureyri	1979	Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir/Reykjavík Municipal Art Museum, (M.P. og/and Ólafur Lárusson, Kristinn G. Harðarson, Þór Vigfússon, Kees Visser)
1981	Galleri Gangur, Reykjavík	1978-79	„Elva moderna ísländska konstnärer“/“11 Modern Icelandic Artists“, Malmö Konsthall
1980	Feneyjatvíæringurinn, Feneyjum/Biennale di Venezia, Venice	1977	„Documenta 6“, Kassel, bókverk/book works
1980	Rauða húsið/the Red House, Akureyri	1977	Norræna húsið/The Nordic House, Reykjavík (M.P. og/and Salome Fannberg, Richard Valtingoer)
1978	Galleri Lóa, Amsterdam	1976	Galleri SÚM, Reykjavík
1977	Galleri Suðurgata 7, Reykjavík	1976	„Other Books and so“, Amsterdam
1977	Galleri „A“ Amsterdam	1976	Galleri SÚM (M.P. og/and Birgir Andrésón)
1977	Galerie Waalkens, Finsterwolde, Hollandi	1976	„Íslensk popplis“/“Pop-Art in Iceland, Listasafn Íslands/National Gallery of Iceland, Reykjavík
1975	Galerie Fignal, Amsterdam	1974	„Íslensk myndlist í 1100 ár“/“1100 years of Icelandic Art“, Listasafn Reykjavíkur/Reykjavík Municipal Art Museum, Kjarvalsstaðir
1971	Galerie Balderich, Mönchengladbach, Þýskaland/Germany	1973-76	SÚM-samsýningar/joint exhibitions
1968	Galerie Hansjörg Mayer, Stuttgart	1972	SÚM á Listahátíð í Reykjavík/at the Reykjavík Arts Festival, Galleri SÚM, Reykjavík
1967	Ásmundarsalur, Reykjavík	1971	Galleri SÚM, Reykjavík (M.P. og/and Arnar Herbertsson)
		1971	SÚM IV, Museum Fodor, Amsterdam

- 1969 SÚM III, Galleri SÚM, Reykjavík  
 1969 3. Biennale der Ostseestaaten i Kunsthalle Rostock  
 1968 „Nordisk Kunst“, Charlottenborg,  
 Kaupmannahöfn/Copenhagen  
 1960 La Biennale de Paris  
 1958 Listahátíð i Björgvin/Arts festival, Bergen, Norway

**Verk i eigu opinberra aðila/Works in public collections:**

- Íslandsbanki/Íslandsbanki bank  
 Kunstbibliothek, Berlin  
 Listasafn Háskóla Íslands/University of Iceland Art Museum  
 Listasafn Íslands/National Gallery of Iceland  
 Listasafn Reykjavíkur/Reykjavik Municipal  
 Art Museum, Kjarvalsstaðir  
 Mosfellsbær/the Town of Mosfellsbær  
 Nýlistasafnið/Living Art Museum  
 Snælandsskóli, Kópavogi/a school in Kópavogur

Einnig verk i ýmsum einkasöfnum i Þýskalandi, Hollandi, Ítalíu og Spáni/Various private collections in Germany, Holland, Italy and Spain

**Annað/Other:**

- 1989 Skipulagði og rak/organizer of Mobshop IV  
 "Performance-language-theatre", workshop, Hald  
 Hovegaard, Viborg, Danmörk/Denmark  
 1986 Annar af stofnum Hong Kong Press i  
 Gautaborg/Co-founder and editor of Hong Kong  
 Press publishing house,  
 Gothenburg, Sweden  
 1984-85 Kennsla við Statens kunstakademi, deildarstjóri  
 Nýlistadeildar, Ósló/Teacher at the State Academy in  
 Oslo, Norway, leading the experimental department  
 1982-83 Kennsla (dósent) við AKI/Docent at Aki, Academie  
 voor beeldende Kunst, Enschede, Holland  
 1981 Stofnandi/Founder of Mobile Summer Workshop,  
 Mob Shop, á Íslandi/in Iceland  
 1980-84 Kennsla við ýmsa skóla i Hollandi/Guest teacher at  
 various schools in Holland: Rijksacademie,  
 Amsterdam, Academie Arnhem, Jan van Eyck  
 Academie, Maastricht, og/and De Vrije Academie i  
 Haag  
 1975-84 Kennari við Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Kom  
 á fót Nýlistadeild i samvinnu við Hildi  
 Hákonardóttur/Teacher at the College of Arts and  
 Crafts, Reykjavik. Leader and founder of the  
 experimental department in co-operation with Hildur  
 Hákonardóttir

**Bókverk, leikhúsverk, raddverk/Book works,**

**theatre works, vocal works:**

- 1994 „Kjöfkásson og Brasílufrænkan“ leikrit, óflutt/"The  
 Stew and the Brazilian aunt", a play, not yet  
 performed.  
 1994 „Varla .....“, 3 raddskúlptúrar og 3 rjóður/"Almost  
 never", 3 voice sculptures, 3 clearings,  
 Nýlistasafnið/The Living Art Museum  
 1993 „Enginn gleypir sólina"/"No one swallows the sun", 2  
 raddskúlptúrar og 2 rjóður, hljóðsnælda útgefin af  
 Galleri 11/2 voice sculptures, 2 clearings, cassette  
 published by Galleri 11  
 1992 „Freyskatla“, raddskúlptúr fyrir kór og eintalsraddir,  
 Ríkisútvarpið. Hljóðsnælda útgefin af Galleri  
 11./Icelandic National Broadcasting Service, voice

sculpture for a choir and solo voices, cassette published  
 by Galleri 11.

- 1991 „Sprengd hljóðhimna, vinstra megin"/"Burst ear-  
 drum, left side", leikrit unnið og sýnt i samvinnu  
 Alþýðuleikhússins og Þjóðleikhússins/a play worked in  
 co-operation with the People's Theatre and The  
 National Theatre  
 1987 „De kommer med kista og henter meg!"/"They're  
 bringing the coffin to get me", bókverk/book work,  
 Hong Kong Press, Gautaborg  
 1987 „Madame President", hljóðsnælda/cassette, Hong  
 Kong Press, Gautaborg  
 1987 „Útlínur barns"/"Contours of a Baby",  
 hljóðsnælda/cassette, Hong Kong Press, Gautaborg  
 1986 „Kennsla: geggjáðasta listgreinin"/"Teaching: The  
 Craziest Branch of Art", hljóðsnælda/cassette,  
 Nýlistasafnið/The Living Art Museum  
 1986 „Kunst og Undervisingakunst"/Kennsla og  
 kennslulist/Teaching and Teaching as an art form,  
 Fyrirlestur i Henie-Onstad kunstsenter, Ósló og  
 bæklingur gefin út af Hong Kong Press/Lecture at the  
 Henie-Onstad Kunstsenter, Høvikodden and a booklet  
 published by Hong Kong Press,  
 Gautaborg/Gothenburg  
 1986 „Mob Shop Dummy", bók gerð ásamt Ingólfi  
 Arnarssyni, útgefin af Hong Kong Press,  
 Gautaborg/book made together with Ingólfur  
 Arnarsson, published by Hong Kong Press,  
 Gothenburg  
 1984 „Augustus! My God, I have it", leikrit/a play, Jan van  
 Eyck Academie, Maastricht, bók og hljóðsnælda/book  
 and cassette  
 1983 „The Offs", leikrit, prentað i timaritinu Het Vlot I/a  
 play published in the Het Vlot I magazine, AKI,  
 Academie voor beeldende Kunst, Enschede  
 1979 og 1981 „Edduleikir fyrir alla"/"Eddic games for everyone",  
 Seedorn 4. og 5. hefti/4th and 5th edition, Seedorn,  
 Feedorn Verlag, Zürich  
 1973 „Hundabók"/"Dogbook", Edition Hansjörg Mayer  
 bókaforlagið/Publisher, Stuttgart  
 1970 „Automobile", verk sem hófst 1970/a project that  
 started 1970  
 1966 „Pappirsást", röð fjögurra handgerðra bóka,  
 Reykjavík/"Paperlove", bookwork, series of 4  
 handmade books  
 1951-59 Leikmyndateiknari við Leikfélag Reykjavíkur og  
 Þjóðleikhúsið/Scenic designer at the City Theatre and  
 the National Theatre  
 1959-91 Leikmyndahönnun fyrir ýmis leikhús á Íslandi/Stage  
 designer for various theatres in Iceland



**Meningarmálanefnd Reykjavíkur / The Cultural Committee of the City of Reykjavík:**

Guðrún Jónsdóttir, formaður/chairman:

Guðrún Ágústsdóttir

Helgi Pétursson

Inga Jóna Þórðardóttir

Jóna Gróa Sigurðardóttir

Tumi Magnússon

Selma Guðmundsdóttir

**Forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur / Director of the Reykjavík Municipal Art Museum:**

Gunnar B. Kvaran

**Ljósmyndun / Photography:**

Birgir Andrésen

Carina Hedén

Douwe Jan Bakker

Frances Cowan

Grímur Bjarnason

Guðmundur Ingólfsson

Hannes Lárusson

Ingimundur Magnússon

Jóhanna Ólafsdóttir

Kristján Pétur Guðnason

Magnús Pálsson

Ólafur Lárusson

Tumi Magnússon

**Þýðing / Translation:**

Adalsteinn Davíðsson

Bernard Scudder

Gunnar J. Árnason

**Yfirlitstær handrita / Proofreading and editing:**

Adalsteinn Davíðsson

Bernard Scudder

**Umsjón með gerð sýningararkrú / Catalogue production:**

Anna Margrét Bjarnadóttir

**Hönnun sýningararkrú / Catalogue design:**

Birgir Andrésen

Carina Hedén

**Uppsetning / Typesetting:**

Höskuldur Harri

**Skeyting og filmvinnsla / Colour separation and montage:**

Prentmyndastofan hf.

**Prentun og bókband / Printing and bookbinding:**

G. Ben – Edda Prentstofa hf.



Hong Kong Press

No 12 1994

Hong Kong Press

Postbox 21 43016 Rolfstorp

Sweden

Fax Norway + 47 22 353122

ISBN: 91 87144 107



KEAVALSSTADIR

KEAVALSSTADIR  
THE KEAVALSSTADIR CITY MUSEUM  
KEAVALSSTADIR KEAVALSSTADIR

JULI - SEPTEMBER 1994